



ÍSLENSK MÁLSTEFNA 2021–2030

SEPTEMBER 2021

ÍSLENSK MÁLSTEFNA

Íslenska er þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál á Íslandi samkvæmt lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011. Stjórnvöld skulu tryggja að unnt sé að nota hana á öllum sviðum íslensks samfélags. Hér er lýst meginmarkmiðum og framtíðarsýn Íslenskrar málnefndar fyrir árin 2021–2030.

1. Málrækt og viðhorf til íslensku

Íslenska gegnir veigamiklu samfélagslegu hlutverki. Málið tengist meðal annars tjáningu, túlkun og sjálfsmynd órjúfanlegum böndum. Þá tengir það kynslóðir og veitir aðgengi að upplýsingum og umræðu sem varða almannaheill.

Kjarni íslenskrar málstefnu er jákvætt viðhorf til íslenskrar tungu með málrækt að leiðarljósi. Það felur í sér vilja til að varðveita tungumálið en um leið að íslenska sé löguð meðvitað og skipulega að nýjum aðstæðum sem hefur í för með sér að viðmið um það sem telst gott mál eða málstaðall hlýtur að taka breytingum. Það felur einnig í sér að tungumálið þjóni samskiptahlutverki sínu og að rækta margbreytileika þess.

Málrækt er að

- nota málið á öllum sviðum íslensks samfélags,
- bera virðingu fyrir málinu og rækta með sér jákvætt viðhorf til málsins og mismunandi birtingarmynda þess,
- mynda ný orð, endurvekja gömul orð eða gefa þeim nýja merkingu og fá lánuð orð úr öðrum málum eftir þörfum og laga þau að íslensku,
- vanda framsetningu á máli sínu og velja sér málsnið eftir tilefni og aðstæðum,
- gera sér grein fyrir að tungumál er lifandi og tekur stöðugum breytingum.

Greinargerð

2. Jafnræði, jafnrétti og fjölmenningsleggt samfélag

Jafnræði og jafnrétti eru lykilhugtök í íslenskri málstefnu. Íslenska á alls staðar að vera sýnileg á opinberum vettvangi og upplýsingar alltaf aðgengilegar á íslensku. Þótt enska og önnur mál geti víða þurft að vera áberandi á það ekki að vera á kostnað íslensku. Þá er mikilvægt að hafa hugfast að málið er öflugt valdataeki sem ber að beita af varúð. Því ætti ekki að beita til að gefa til kynna yfirburði eða undirskipun fólks eftir stétt þess og stöðu.

Jafnræði er að

- íslenska víki ekki fyrir ensku eða öðrum tungumálum heldur sé alltaf fyrsta málið og mest áberandi þótt upplýsingar á öðrum málum fylgi,
- allir landsmenn hafi jafnan aðgang að upplýsingum á íslensku og eftir atvikum á öðrum málum að auki,
- allt fólk sem talar íslensku hafi rödd, jafnvel þótt það hafi ekki full tæk á málinu og notkun þess,
- dæma ekki orðræðu annarra út frá málfari.

Jafnrétti er að

- bera virðingu fyrir málnotkun allra sem tala íslensku og gæta þess að málnotkun sé ekki útilokandi,
- nota orð og orðfæri um mismunandi þjóðfélagsþópum sem fólk í þeim hópum kys sjálf.

Fjölmenningsleggt samfélag

- viðurkennir rétt fólks sem ekki hefur náð tökum á íslensku til að tjá sig á öllum hugsanlegum vettvangi,
- sér íbúum sem ekki hafa náð tökum á íslensku fyrir nauðsynlegum opinberum upplýsingum á móðurmáli þeirra eða öðru tungumáli sem þeir skilja og tryggir þeim þjónustu túlka þegar þess er þörf,
- gerir fólki sem hefur íslensku ekki að móðurmáli kleift að sækja námskeið í íslensku máli, sögu og menningu í vinnutíma sínum.

Greinargerð

3. Máluppeldi barna

Miklu skiptir fyrir vöxt og viðgang íslenskrar tungu að lögð sé alúð í máluppeldi barna. Með því er átt við að leggja sig fram um málrækt og málörvun barna frá upphafi máltökuskeiðs og að því sé fylgt eftir allt skeiðið á enda. Málfærni barna á leikskólaaldri gefur vísbendingu um hvernig þeim gengur í námi síðar á skólagöngunni. Foreldrar og aðrir aðstandendur, skólakerfið og stjórnvöld hafa mikilvægu hlutverki að gegna við að efla málfærni barna og unglinga. Mikilvægt er að máluppeldið sé með jákvæðum formerkjum svo að börn og unglingar verði ekki fráhræfð málínu og kjósi ekki ensku fram yfir íslensku til frambúðar.

Máluppeldi felur í sér að

- tala við og lesa fyrir börn frá unga aldri, því meira sem gert er af því þeim mun betri tökum ná þau á málínu,
- ræða reglulega við börn og unglinga um tungumálið og sýn þeirra á málnotkun,
- hvetja börn og unglinga til þess að tjá sig, segja skoðanir sínar og rökstyðja mál sitt,
- finna ekki að málfari barna og unglinga heldur hlusta á hvað þau hafa að segja,
- hvetja börn og unglinga til að horfa á íslenska þætti og myndir og hlusta á hlaðvarp á íslensku,
- nýta hvert tækifæri sem gefst til málörvunar, málnotkunar og umræðna um íslensku í skólum.

Greinargerð

4. Íslenska í skólakerfinu

Mikilvægt er að viðhorf til íslensku í skólakerfinu séu jákvæð. Marka þarf málstefnu fyrir öll skólastigin, leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, og birta hana í almennum

hluta aðalnámskrár fyrir hvert þessara skólastiga. Á öllum skólastigum skal efla jákvætt viðhorf nemenda og starfsfólks til íslensku og hvetja til hvers konar tjáningar á íslensku. Málfærni barna í leikskóla veitir vísbendingar um árangur þeirra á síðari skólastigum, meðal annars um hvernig tekst til með lestrarnám og um brottfall úr framhaldsskóla. Því er nauðsynlegt að grunnurinn sé góður.

Efling íslensku í leikskólum er að

- mæta þörfum allra barna fyrir málörvun á þeirra forsendum með tilliti til getu og þroska,
- hvetja börn til að leika sér með málið, velta fyrir sér orðum og orðanotkun og efla orðaforða sinn,
- fræða allt starfsfólk leikskóla um málþroska og máltökuskeið barna,
- veita erlendu starfsfólki aðstoð við að ná tökum á íslensku.

Málfærni barna í grunnskóla leggur grunninn að síðara námi. Íslenska er ekki einvörðungu námsgrein heldur mikilvægasta verkfærið í öllu námi. Færni í íslensku stuðlar að betri lesskilningi sem er grundvallaratriði eigi börn að tileinka sér námsefni á bók. Mikilvægt er að börn á grunnskólaaldri mæti jákvæðu viðhorfi til sinnar eigin íslenskukunnáttu svo að þau verði henni ekki fráhverf og taki ensku eða önnur mál fram yfir íslensku.

Efling íslensku í grunnskólum er að

- horfast í augu við að færni í íslensku er ein af meginundirstöðum námsárangurs,
- hafa hugfast að máltökuskeiði er ekki lokið þegar í grunnskóla er komið,
- kenna nemendum að þekkja muninn á ritmáli og talmáli og velja málsnið eftir tilefni og aðstæðum,
- veita nemendum ríkuleg tækifæri til að þjálfa málfærni sína í samræmi við aldur, getu og þroska og nýta málið til hvers kyns sköpunar,
- stuðla að því að nemendur og starfsfólk mæli ekki málfærni út frá réttu og röngu heldur að nemendur geti lesið og skilið námsefnið og tjáð sig í ræðu og riti,
- aðstoða erlent starfsfólk grunnskóla við að ná tökum á íslensku.

Ungmennirn á framhaldsskólaaldri eru enn að efla og slípa málfærni sína, prófa sig áfram í málnotkun og auka orðaforðann. Þau eru opin fyrir nýjungum og hafa gaman af að spreyta sig á málinu. Íslenska er málið sem námið fer fram á að mestu leyti og sú sérstaða þarf að njóta viðurkenningar.

Efling íslensku í framhaldsskólum er að

- veita nemendum ríkuleg tækifæri til að tala, skrifa og skapa á íslensku,
- kynna nemendum fjölbreytta texta á íslensku frá ýmsum tímum og vekja áhuga þeirra á sögu tungumáls og menningar,
- fræða nemendur um ýmsar hliðar tungumálsins svo sem máltöku, mállýskur, tilbrigði í máli, málvenjur og breytingar á þeim og muninn á móðurmáli og viðmiðum um mál og málsnið sem fólk tileinkar sér meðal annars í skólum,
- aðstoða erlent starfsfólk framhaldsskóla við að ná tökum á íslensku.

Greinargerð

5. Íslenska sem annað mál

Fjöldi barna og fullorðinna sem býr á Íslandi á ekki íslensku að móðurmáli. Afar mikilvægt er að veita þeim aðgang að samfélagi, menntakerfi, stjórnsýslu, heilbrigðisþjónustu og velferðarkerfi í gegnum íslenskt mál. Samfélagið þarf allt að leggjast á eitt við að efla aðgang að íslenskukennslu fyrir innflytjendur, efla málörvun tvítýngdra barna og tryggja ungmennum með íslensku sem annað mál stuðning í skólakerfinu.

Efling íslensku sem annars máls er að

- efla málörvun og kennslu íslensku sem annars máls í leikskólum og grunnskólum og stuðla að félagslegri aðlögun barnanna í gegnum tungumálið,
- sníða kennslu í íslensku máli, menningu og sögu að þörfum þessara barna,

- efla stuðning við ungmenni í framhaldsskólum sem hafa ekki íslensku að móðurmáli, til dæmis með aðstoð við ritun og framsögu á íslensku, og vinna gegn brottfalli þeirra úr framhaldsskólum,
- sníða íslenskukennslu að þörfum þessara ungmenna í sérstökum áföngum í íslensku máli, sögu og menningu,
- auka framboð á námskeiðum í íslensku máli, sögu og menningu fyrir fullorðið fólk sem ekki hefur íslensku að móðurmáli,
- gera því kleift að sækja námskeið í íslensku máli, sögu og menningu á vinnutíma og atvinnurekendum mögulegt að veita tækifæri til þess,
- veita börnum og fullorðnum sem tala íslensku sem annað mál tækifæri til að tala íslensku sem víðast, hvort sem er í skóla eða starfi, á sviði eða í fjölmiðlum.

Greinargerð

6. Íslenska í háskólum og rannsóknastarfi

Háskólar gegna skyldum við íslenskt samfélag og því er mikilvægt að allar fræðigreinar eigi orðaforða á íslensku. Námsfni á háskólastigi er ekki að mestu leyti á íslensku eins og á fyrri skólastigum. Háskólar á Íslandi verða að vera meðvitaðir um að íslenska er opinbert mál á Íslandi og málið sem stærstur hluti nemenda á best með að tjá sig á, lesa og skilja.

Efling íslensku í háskólum og rannsóknastarfi er að

- veita háskólanemum tækifæri til að læra og miðla þekkingu sinni á íslensku,
- háskólanemar, kennarar og annað starfsfólk sé hvatt til að miðla þekkingu sinni út í samfélagið á íslensku og meðvitað um mikilvægi þess,
- starfrækja ritver sem veita nemendum stuðning og aðhald við framsetningu verkefna á íslensku,
- styðja erlent starfsfólk háskóla við að ná tökum á íslensku.

Greinargerð

7. Menning og miðlar

Jákvætt viðhorf til íslensku í miðlum, menningu og listum skiptir miklu máli. Fjölmiðlar og efnisveitur, leiklist, ritlist og tónlist eru máttarstólparnir í miðlun á íslensku, bæði á frumsömdu efni og þýddu. Þar eru óþrjótandi tækifæri til nýsköpunar í máli og tilbrigða í málsniði og stíl og jafnframt til þess að viðhalda þekkingu á eldri birtingarmyndum málsins.

Jákvætt viðhorf til íslensku í miðlum og menningu má efla með því að

- hvetja fjölmiðla til að marka sér stefnu um málsnið og stíl og tryggja starfsfólki sínu aðgang að málfarsráðgjöf og yfirlestri,
- efla dagskrárgerð á íslensku fyrir útvarp og sjónvarp,
- efla framleiðslu á barnaefni á íslensku,
- rækta jarðveg til framleiðslu kvikmynda og sjónvarpsefnis á íslensku,
- þrýsta á að erlendar streymisveitur láti vandaðan íslenskan texta fylgja erlendu sjónvarpsefni,
- hvetja börn og unglinga til að hlusta og horfa á dagskrárefni svo sem hlaðvarpsþætti og sjónvarpsþætti á íslensku,
- gera rithöfundum, skáldum, textahöfundum og handritshöfundum kleift að sinna skapandi starfi á launum,
- ýta undir öflugna útgáfu bóka á íslensku, bæði frumsaminna og þýddra.

Greinargerð

8. Íslensk máltækni

Öflug máltækni er mikilvæg fyrir framtíð íslenskrar tungu. Eigi íslenska áfram að vera opinbert mál og þjóðtunga landsmanna þarf nauðsynlega að fylgja eftir þróun í máltækni. Slíkt verkefni má ekki vera áttak til skamms tíma heldur verður að líta á það sem verkefni sem aldrei lýkur heldur þróast í takt við hraða tækniþróun.

Efling máltækni er að

- halda úti máltækniáætlun eins og stjórnvöld gera nú þegar og tryggja að ekki verði horfið frá henni,
- styðja áfram þróunarverkefni og sprotafyrirtæki í máltækni,
- kynna íslenska máltækni og hvetja landsmenn til að nýta sér hana þegar þess er kostur,
- leitast eftir alþjóðlegu samstarfi um þróun tækja og tóla sem byggjast á máltæknilausnum,
- tryggja gott aðgengi að upplýsingum á íslensku á netinu, orðabókum og öðrum uppflettiritum.

Greinargerð

9. Íslenska í stjórnsýslu, opinberri þjónustu og atvinnulífi

Íslenska er opinbert mál og þjóðtunga á Íslandi og er lögum samkvæmt það mál sem á að nota í opinberri stjórnsýslu og þjónustu. Brýnt er að tungutak í opinberri stjórnsýslu sé á íslensku, vandað, einfalt og skýrt og aðgengilegt öllum. Þetta á við um Alþingi og Stjórnarráðið, stofnanir og fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga og hálfopinber fyrirtæki. Heilbrigðiskerfi og velferðarkerfi falla þar undir. Tryggja þarf að miðlun upplýsinga sé á skýru og skiljanlegu máli sem er aðgengilegt öllum og þjónustan löguð að þeim sem hana þiggja.

Skýrt og aðgengilegt tungutak í atvinnulífi, stjórnsýslu og opinberri þjónustu næst með því að

- tryggja að allar upplýsingar, skýrslur og annað þess háttar séu alltaf aðgengilegar á íslensku en síðan komi önnur mál eftir því sem þörf krefur,
- tryggja að allar upplýsingar séu settar fram á skýru og skiljanlegu máli,
- tryggja rétt fólks sem ekki hefur íslensku á valdi sínu til þjónustu túlks og upplýsa það um þann rétt sinn,

- tryggja að starfsfólk sem ekki hefur íslensku á valdi sínu geti miðlað upplýsingum til íslenskumælandi fólks með aðstoð túlks eða með öðrum hætti.

Mikilvægt er að efla jákvætt viðhorf til íslensku í atvinnulífinu. Oft er því haldið fram að í atvinnulífi á almennum markaði henti betur að nota ensku en íslensku. Það á við um viðskipti innanlands sem utan, ferðaþjónustu, bankastarfsemi og fleira. Æskilegt er að viðhorf í atvinnulífinu sé alltaf á þann veg að fengur sé í að bjóða viðskipti og þjónustu á íslensku en hafa ensku samhliða eftir því sem þörf krefur.

Jákvætt viðhorf til íslensku í atvinnulífinu er að

- tryggja að íslenska sé alltaf fyrsta málið í samskiptum,
- hafa allt auglýsinga- og kynningarefni aðgengilegt á íslensku en einnig á öðrum málum ef þörf krefur,
- veita erlendu starfsfólki tækifæri til að læra íslensku á vinnutíma,
- veita erlendu starfsfólki sem er í tímabundinni vinnu þjálfun í undirstöðuatriðum íslensku,
- skilja að í íslensku er fólgin sérstaða sem ekki er aðeins eftirsóknarverð fyrir íbúa landsins heldur einnig erlenda gesti,
- skilja að í íslensku eru fólgin verðmæti sem ekki verða metin til fjár,
- skilja að það er sameiginlegt verkefni allra landsmanna að stuðla að varðveislu, vexti og viðgangi íslensku.

Greinargerð

ÍSLENSK MÁLSTEFNA 2021–2030

Greinargerð

Inngangur

Tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu, sem settar voru fram í ritinu *Íslenska til alls*, urðu opinber stefna um íslenska tungu þegar Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu þess efnis 12. mars 2009. Meginmarkmið *Íslensku til alls* er að íslenska sé notuð á öllum sviðum íslensks samfélags. Samkvæmt lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls nr. 61/2011 hefur Íslensk málnefnd ráðgjafarhlutverk um málstefnu og Alþingi samþykkti 7. júní 2019 þingsályktunartillögu um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi (nr. 36/149) þar sem meðal annars var gert ráð fyrir endurskoðun málstefnunnar sem yrði lokið fyrir árslok 2020. Að þessu verkefni vann Íslensk málnefnd árið 2020 sem var fyrsta starfsár núverandi nefndar.

Stjórn Íslenskrar málnefndar og ritari báru hitann og þungann af endurskoðun stefnunnar og greinargerð sem henni fylgir og er lögð fram til mennta- og menningarmálaráðherra sem skýrsla um endurskoðaða málstefnu. Heimir Freyr Viðarsson vann stofn greinargerðarinnar í samráði við stjórn Íslenskrar málnefndar. Í stjórn sitja Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir varaformaður, Steinunn Stefánsdóttir, Ásgrímur Angantýsson og Anna Sigríður Þráinsdóttir. Ágústa Þorbergsdóttir, ritari Íslenskrar málnefndar, hefur liðsinnt við tilurð verksins.

Talsverðar breytingar hafa orðið í samfélaginu frá því að *Íslenska til alls* kom út. Nefna má þróun á sviði máltækni, stafræna byltingu sem leitt hefur af sér breytta miðlun, tilkomu samfélagsmiðla og efnisveitna og síðast en ekki síst auknar umræður og opnari sjónarmið á sviði mannréttindamála. Ný málstefna og greinargerðin sem henni fylgir mótast óhjákvæmilega af þessu.

Umfjölluninni er skipt í níu hluta sem snúa að ólíkum sviðum þar sem íslenskt mál og íslensk málstefna koma við sögu og er skiptingin sú sama og í málstefnunni hér að framan þannig að kaflarnir sem á eftir fara eru í raun hver um sig greinargerð með samsvarandi kafla í málstefnunni.

Málrækt og viðhorf til tungumálsins

Málrækt snýst um að gera tungumálið hæfara til að þjóna hlutverki sínu í samfélaginu og leyfa því að njóta sín sem lifandi og síbreytilegu fyrirbæri. Mikilvægt er að stunda málrækt, laga tungumálið meðvitað og skipulega að nýjum aðstæðum, mynda ný orð af innlendum stofni eða laga erlend orð að beygingum og hljóðkerfi málsins. Um leið þarf að huga að varðveislu málsins og tryggja að tengslin við bókmenntaarfinn glatist ekki.

Viðhorf málnotenda og stjórnvalda geta skipt sköpum um þróun og afdrif tungumála, ekki síst í nánú sambýli tveggja eða fleiri mála. Íslenska á við nokkurn ímyndarvanda að etja, bæði sem þjóðtunga og kennslutunga. Margt bendir til að sjálfsmynd Íslendinga snúist ekki lengur um íslenskt mál. Þá virðist bókmenntaarfurinn ekki skipta sama máli lengur í heimi þar sem bóklestur er að einhverju leyti víkjandi fyrir margs konar lesefni sem í boði er á netinu, auk hljóð- og myndefnis, efni sem íslensk börn og ungmenni neyta að miklu leyti á ensku.

Borið hefur á að börn og unglingar hafi orðið fráhverfari íslensku eftir því sem málaáreiti, einkum enskt, hefur orðið meira og að íslensk börn tengi íslensku í æ ríkara mæli einkum við foreldra sína, afa og ömmur og skólakerfið. Þar sé því jafnvel haldið að börnum að þau kunnir íslensku ekki mjög vel. Í skólakerfinu er íslenska tengd við orðflokkgreiningu og tæknileg málfræðihugtök fremur en til dæmis ritun eða málbeitingu. Velta má upp hvort ekki sé ástæða til að leggja enn frekar áherslu á beitingu tungunnar í töluðu og rituðu máli í íslenskukennslu, nýta sköpunargleði nemenda meira og forðast að dæma málnotkun þeirra út frá meintum málvillum (sjá t.d. Ásgrímur Angantýsson o.fl. 2018, Sigríður Sigurjónsdóttir 2020 og Ólöf Björk Sigurðardóttir og Sigríður Sigurjónsdóttir 2020).

Innan menntakerfisins hefur mikil áhersla verið lögð á formvanda íslensku í tengslum við málnotkun en skýringin á stöðu íslensku í huga barna og ungmenna er einnig fólgin í umdæmisvanda hennar (sjá t.d. Kristján Árnason 2001, Eirík Rögnvaldsson 2016). Umdæmisvandinn felst í því að notkunarvið ensku hefur víkkað á kostnað íslensku og aðgengi að fjölbreyttu innlendu eða þýddu efni er takmarkað. Í huga nemenda er íslenska stundum tengd sérstaklega við skólaverkefni, einkunnir, leiðréttingar, virðingu og eldra fólk en enska aftur á móti við skemmtun, afþreyingu, ferðalög og framtíðartækifæri.

Mikilvægt er að stjórnvöld átti sig á þessum breytingum og taki á þeim og að skólar og samfélag geri sér grein fyrir þessum viðhorfsvanda og átti sig á hve skaðleg neikvæð umræða um íslenska málnotkun getur verið bæði fyrir ímynd íslensks máls og sjálfsmynd nemenda.

Viðmið um viðeigandi málsnið og rétt mál, sem kallað hefur verið íslenskur málstaðall, hafa ekki breyst í samræmi við breytingar í íslensku samfélagi á undanförunum áratugum. Standi málstaðallinn í stað leiðir það til þess að bilið milli staðalsins og málnotkunar almennings breikkar og það gæti hæglega leitt til þess að almenningur, einkum unga fólkið, finni frekar samsömun í öðrum málum en íslensku (sjá t.d. Eiríkur Rögnvaldsson 2019).

Ofuráhersla á vandmeðfarin málfræðiatríði og aðfinnslur um málnotkun er til þess fallin að ýta undir neikvæð viðhorf til tungumálsins og jafnvel fordóma í garð annarra málnotenda. Þó að yfirlýst hlutverk skóla samkvæmt aðalnámskrám sé meðal annars að gera nemendur að betri málnotendum má efast um hve réttmæt og raunhæf sú stefna er að reyna að breyta máltilfinningu nemenda (sjá t.d. ítarlega umræðu hjá Hönnu Óladóttur 2017). Eins og jafnframt hefur verið bent á í erlendu samhengi er hægt að nálgast viðurkennda málnotkun í formlegu málsniði á jákvæðari hátt og þá sem tæki eða viðbótarþekkingu sem geti verið eftirsóknarverð ef nemendur átta sig á að kennarar séu að sýna þeim fram á valkosti fremur en að svipta þá máleinkennum sínum (sbr. Carlson 2014: 249–50). Því færi betur á að kenna um málviðmið sem viðbót við málhæfni sem geti gagnast við tiltekna aðstæður og mikilvægt sé að þekkja til, rétt eins og annarra venja í samfélaginu.

Athygli vekur hve óljósar og mótsagnakenndar hugmyndir um íslenskt mál og málfræði birtast í grunn- og framhaldsskólum, bæði meðal kennara og nemenda (sbr. Ásgrímur Angantýsson o.fl. 2018). Málfræði er talin nauðsynleg til að viðhalda tungumálinu en hvorki kennarar né nemendur virðast sjá mikinn tilgang í hefðbundinni málfræðikennslu. Námskrár gefa til kynna að málfræðin eigi að fléttast saman við aðra þætti en þjálfun í henni fer einna helst fram í gegnum greiningarvinnu. Huga þarf betur að tilgangi málfræðikennslu, ólíkum sviðum málfræðinnar og hvernig málfræðin nýtist sem best við þjálfun til dæmis í málnotkun og ritun.

Ljóst er að tæknibyltingin og mikið framboð á afþreyingu á ensku skiptir miklu máli varðandi viðhorf til íslensku. Því er brýnt að almenningi, og sérstaklega börnum og

ungmennum, sé ljóst að íslenska sé tungumálið sem við tölum, notum og leikum okkur með á hverjum einasta degi. Jafnframt er brýnt að hún sé það tungumál sem við höfum best tök á.

Opinber umræða um íslensku hefur tilhneigingu til að snúast um villuleit eða málfar sem amast er við. Það er jákvætt að fólk hafi áhuga á tungumálinu og setji sér og öðrum fagurfræðilegar kröfur en einhliða umræða af þessu tagi getur leitt til neikvæðra viðhorfa til tungumálsins. Mikilvægt er að hafa í huga að þótt beita megi hugtökum eins og viðeigandi og óviðeigandi um málfar er óþarft að halda hugtökunum rétt og rangt að börnum og almenningi. Svo virðist sem almenningsálitið sé oft á þá lund að íslensku máli hnigni hratt. Neikvæð umræða á þeim nótum beinist oft að yngstu kynslóðinni og jafnvel að útlendingum sem eru að læra íslensku. Gerðar eru athugasemdir við að ungt fólk sletti of mikið, beygi vitlaust og hafi takmarkaðan orðaforða og að útlendingar hvorki skilji né tali íslensku. Umræða á þessum nótum getur stafað af velviljuðum áhuga en er ekki til þess fallin að styrkja stöðu íslensku. Þvert á móti er mikilvægt að hvetja fólk sem mest til að tjá sig á íslensku og láta rödd sína heyrast án þess að þurfa að þola dómhörku vegna málnotkunar.

Sjálfsagt er einnig að kynna gott og vandað málfar sem fellur vel að íslenskum málstaðli. Í því samhengi er mikilvægt að hafa í huga að vegna þess að tungumálið er í stöðugri þróun hlýtur málstaðallinn einnig að vera það þrátt fyrir að hann sé í eðli sínu íhaldssamari en daglegt mál.

Mikilvægt er að staða íslensku sé rædd á grundvelli sjálfsvirðingar. Neikvæð umræða um málið getur verið skaðleg en það getur meðal annars birst í því að yngsta kynslóðin sjái ekki tilgang í að ná færni í deyjandi tungumáli. Hafa verður hugfast að hægt er að efla íslenska tungu. Sú vinna á sér raunar stað og hefur verið stunduð lengi.

Íslendingar eiga að gera stífar kröfur um íslenskun afþreyingar sem beinist að þeim, sérstaklega börnum og ungmennum. Þannig ættu til dæmis erlendar streymisveitur ekki að komast upp með að láta íslensku lönd og leið. Þó að íslensk lög nái ekki til þeirra ætti almenningsálitið að gera það. Sömu kröfur ætti að gera um tölvur og tæki sem börn og ungmenni nota. Afþreying á íslensku stendur höllum fæti í samkeppni við erlenda afþreyingu. Sjaldgæft er að íslenskur texti fylgi þáttum og myndum á vinsælustu streymisveitunum. Enginn vafi leikur þó á að þrýstingur íslenskra málnotenda gæti haft áhrif á þessar veitur. Hér er vert að nefna snör viðbrögð streymisveitunnar Disney+ við

bréfi Lilju Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra snemma árs 2021 þar sem hún óskaði eftir því að efni veitunnar yrði gert aðgengilegt með íslensku tali og textum.

Hins er að gæta að framleiðsla á afþreyingarefni á íslensku, til dæmis sjónvarpsþáttum og kvikmyndum, hefur aukist á undanförunum árum og íslenskir hlaðvarpsþættir og íslensk tónlist njóta vinsælda. Þar er staða íslensku allsterk og viðhorf til hennar jákvætt. Ef byggt verður áfram á þeim grunni eru bjartar horfur á þeim vettvangi.

Brýnt er jafnframt að styðja við bóklestur, þar með talið lestur raðbóka og hlustun á hljóðbækur. Bókmenntir skipta miklu máli til þess að málfarar nái nægilegri færni í tungumálinu og beitingu þess. Þess vegna þarf að styðja vel við útgáfu barnabóka og ekki síður bóka sem ætlaðar eru 13–19 ára lesendum. Finna þarf leiðir til að koma bókmenntum á íslensku til þess hóps. Undanfarið hafa stjórnvöld gripið til aðgerða til að styrkja bókaútgáfu og sérstaklega útgáfu barnabóka. Þá eru almenningsbókasöfn lykilstaðir í miðlun tungumálsins.

Vandi íslensku kemur víða fram í skólakerfinu. Í grunnskólum er íslenska ofarlega á lista yfir námsgreinar sem nemendur telja mikilvægar en hún er frekar neðarlega á blaði þegar spurt er um vinsældir einstakra greina. Í framhaldsskólum eru tungumálabrautir að hverfa og með þeim kennsla um eðli og hegðun tungumála. Í háskólasamfélaginu hefur færst í vöxt að rannsakendur miðli fræðum sínum á öðrum málum en íslensku, einkum ensku. Gera má ráð fyrir að það hafi talsverð áhrif á viðhorf til íslensku að um árabil hafa mikilvægar atvinnugreinar snúist um viðskipti og þjónustu við útlendinga sem veitt er á erlendum tungumálum, einkum ensku. Markmið íslenskrar málstefnu að unnt sé að nota íslensku á öllum sviðum virðist því langsóttara en margir hugðu. Við nýjar aðstæður í samfélaginu á árinu 2020 kom til dæmis berlega í ljós að ritmál í ferðaþjónustu er nánast eingöngu enska eða önnur erlend mál. Það skaut skökku við þegar markaðssókn tók nýja stefnu og hætt var að beina markaðsefni að erlendum gestum vegna ferðatakmarkana af völdum farsóttar og því beint að þeim sem búa á Íslandi.

Hér þarf að gera varanlegar breytingar og gera það að sjálfsvirðingar- og þjóðarstoltsmáli að erlendir ferðamenn kynnist íslensku á ferðum sínum um landið. Snúa þarf viðhorfinu til íslensku á þann veg að það sé réttur erlendra gesta að kynnast framandi tungumáli á nýjum stað auk þess sem það sé réttur íslenskumælandi neytenda að fá upplýsingar um vörur og þjónustu á íslensku. Á sama tíma verður að hafa í huga að erlent

starfsfólk gegnir mörgum þjónustustörfum og á ekki að gjalda þess að hafa ekki vald á íslensku.

Vitundarvakning menntamálaráðherra, *Áfram íslenska*, vekur vonir um að hægt verði að snúa viðhorfum til málsins í jákvæðari átt verði henni fylgt eftir með þeim mannafla og fjármagni sem þarf til. Lög um stöðu íslenskrar tungu kveða á um að íslenska sé opinbert mál á Íslandi. Þó eru opinberar merkingar oft meira áberandi á ensku en íslensku. Má þar nefna merkingar í flugstöðvum og á lögreglubílum. Íslensk stjórnvöld þurfa að sýna meiri ákveðni í að framfylgja lögum um íslensku og tryggja að merkingar séu alltaf á íslensku alls staðar. Stjórnvöld verða fyrir áhrifum af almennum viðhorfum í samfélaginu og brýn þörf er á að almenn vitund skapist um að þetta skipti máli og sé spurning um sjálfsvirðingu. Stjórnvöld þyrftu að gegna forystuhlutverki og bregðast hratt og vel við ábendingum þegar vantar upp á að íslenska sé notuð. Jafnframt er mikilvægt að samtök atvinnurekenda, verkálýðshreyfingin og ýmsar opinberar og hálfopinberar stofnanir leggist á sveif með stjórnvöldum. Þeirra framlag getur verið mikið, til dæmis varðandi íslenskumenntun innflytjenda. Þessar samfélagsstofnanir ættu að móta stefnu um tungumálið.

Jafnræði, jafnrétti og fjölmennigarlegt samfélag

Á undanförnum árum hefur Ísland orðið sífellt fjölmennigarlegra samfélag og fjöldi barna og fullorðinna sem á heima á Íslandi á ekki íslensku að móðurmáli. Afar mikilvægt er að veita þeim aðgang að samfélagi, menntakerfi, stjórnsýslu, heilbrigðisþjónustu og velferðarkerfi í gegnum íslenskt mál. Samfélagið þarf allt að leggjast á eitt að efla aðgang að íslenskukennslu fyrir innflytjendur, efla málörvun tvítyngdra barna og tryggja ungmennum með íslensku sem annað mál stuðning í skólakerfinu. Fjölmennigarlegir straumar berast í auknum mæli til landsins samhliða æ fjölbreyttari bakgrunni íbúa landsins en jafnframt vegna aukinna erlendra áhrifa, beinna sem óbeinna, í lífi og starfi.

Í *Íslensku til alls* (bls. 79–80) var vikið að þeim hættum sem leynast í viðhorfum Íslendinga til íslensku og tilhneigingu þeirra til að skipta yfir í ensku í samskiptum við þá sem eru að læra íslensku. Líklegra er að fólk sem hingað flyst telji sig vel komast af án íslensku ef viðmótið sem mætir því er neikvætt og sömuleiðis ef íslenska er ekki alls staðar

sýnileg og hið sjálfgefna mál við daglegar aðstæður, til dæmis í allri þjónustu og móttöku, á matseðlum, auglýsingaskiltum o.s.frv. Þess vegna er mikilvægt að Íslendingar sýni þeim sem eru að læra íslensku skilning og hvetji til dáða en skipti ekki strax yfir í erlend mál sem þeir þekkja. Þó að íslenskt málsamfélag hafi til skamms tíma verið tiltölulega einsleitt þekkjast margvísleg tilbrigði, til dæmis í framburði, beygingu og setningagerð; engir tveir einstaklingar tala alveg eins. Í samfélagi sem tekur fjölmenningu og fjöltyngi opnum örmum þarf að huga sérstaklega vel að því að ólík tók fólks á tungumálinu séu aldrei notuð til mismununar. Í þessu augnamiði þarf markvisst að vinna að því með jákvæðri umræðu og fræðslu að eyða fordómum og auka þolinmæði fólks gagnvart íslensku með erlendum eða framandlegum einkennum.

Til þess að standa vörð um stöðu íslensku í nútímasamfélagi verður að hvetja fólk sem hingað kemur til að tileinka sér málið fljótt og vel. Jafnframt verður að tryggja því aðstæður til að læra íslensku með því að veita fjármagni til þess að unnt sé að bjóða fram vandaða kennslu í íslensku sem öðru máli sem hentar hverjum og einum. Annars er viðbúið að umdæmum íslenskunnar fækki enn frekar en orðið er og að hún víki hreinlega fyrir alþjóðlegri málum á afmörkuðum sviðum eins og dæmin sanna víða í verslun og þjónustu. Ef fólk sem er að gera sitt besta til að læra íslensku fær ekki næg tækifæri til að æfa sig og ekki er borin virðing fyrir máli þess eru allar líkur á að önnur tungumál, sem gripið er til, verði á endanum ofan á og það táknar að íslenska verður undir.

Íslenska er það mál sem veitir mestan aðgang að íslensku samfélagi og íslenskri menningu. Fólk með erlendan bakgrunn er í mun minni tengslum við hvort tveggja ef það fer á mis við að tileinka sér málið með fullnægjandi hætti. Möguleg afleiðing þessa er að íslenska verði þá eign æ færri Íslendinga en þeir sem kunna ekki íslensku verði utangarðs í menningunni og samfélaginu öllu. Koma þarf eftir fremsta megni í veg fyrir að samfélagið greinist í smáa menningarkíma sem vita varla hver af öðrum. Þar leikur tungumálið, íslenskt mál og íslenskt táknmál, lykilhlutverk, ekki aðeins til þess að innflytjendur eigi auðveldara með að fóta sig og taka virkan þátt í samfélaginu heldur einnig til þess að brúa menningarheima og miðla menningu, list og sögu. Æskilegt er að slík menningarmiðlun verki í báðar áttir enda getur íslenskt samfélag lært mikið af reynslu, þekkingu og menningu þeirra sem flytjast til landsins.

Hafa þarf í huga að það er aðgengismál og jafnréttismál að íslenska sé jafnan notuð enda eru tók íslenskra málhafa á erlendum tungumálum mismunandi og stöðug

enskunotkun getur leitt til þess að hluti samfélagsins sé útilokaður frá ákveðnum þáttum þess.

Málið er öflugt valdataeki sem beita ber af varúð. Í íslenskri málstefnu er áhersla lögð á að íslensku sé ekki beitt til að gefa til kynna yfirburði eða undirskipun fólks eftir stétt þess og stöðu. Þetta á einnig við um orðfæri sem notað er um um mismunandi þjóðfélagshópa þar sem leggja ber áherslu á að nota það orðfæri sem fólk í þeim hópum kys sjálft en það getur þýtt að leggja þurfi af viðtekið orðfæri sem þá er ekki er lengur viðeigandi eða er meiðandi.

Þá er mikilvægt að íslenska sé alls staðar sýnileg og upplýsingar alltaf aðgengilegar á íslensku. Þótt enska og önnur mál geti víða þurft að vera áberandi ætti það ekki að vera á kostnað íslensku.

Máluppeldi barna

Vandað máluppeldi barna skiptir miklu fyrir vöxt og viðgang íslenskrar tungu. Með því er átt við að alúð sé lögð í málrækt og málörvun barna frá upphafi máltökuskeiðs og að því sé fylgt eftir allt skeiðið á enda. Foreldrar og aðrir aðstandendur, skólakerfið og stjórnvöld hafa mikilvægu hlutverki að gegna við að efla málfærni barna og unglinga. Þá þarf að huga sérstaklega vel að því með hvaða hætti og á hvaða forsendum rætt er um tungumálið og þróun þess við komandi kynslóðir.

Eiginleg máltaka er að flestu leyti ómeðvitað ferli þar sem börn tileinka sér málkerfi móðurmálsins jafnan áreynslulaust og án formlegrar kennslu eða leiðbeininga þar að lútandi, svo fremi sem þau fái á annað borð nægjanlegt máláreiti (sbr. Sigríður Sigurjónsdóttir 2017, Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson 2018, Sigríður Sigurjónsdóttir 2019). Öðru máli gegnir um tileinkun ritmálsins, formlega málnotkun og einkum það sem kallað hefur verið grundvallarfærni í námstengdu tungumáli (sjá Sigríði Ólafsdóttur og Baldur Sigurðsson 2017: 8 og tilv. þar). Slík færni snýr meðal annars að sérhæfðum orðaforða og setningagerðum sem eru einkum bundnar við ákveðnar textategundir og birtist almennt ekki eða mun síður í talmáli. Sérhæfða og formlega málnotkun þarf því að þjálfra sérstaklega og sterkar vísbendingar eru um að færni af því

tagi sé lykill að því að börn geti lesið sér til gagns og tileinkað sér námsefni með fullnægjandi hætti.

Innlendar og alþjóðlegar rannsóknir sýna að málfærni barna á leikskólaaldri veitir vísbendingu um hvernig þeim gengur í námi seinna á skólagöngunni (sbr. Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir 2011: 18, Hrafnhildur Ragnarsdóttir 2015: 7). Orðaforði barna, sem og málkerfi og hljóðkerfi, byggist upp allt frá frumbersku og almenn samstaða er um að ábyrgðinni á þessu ferli sé ekki hægt að varpa alfarið á skólakerfið heldur þarf þetta að vera samvinnuverkefni allra sem koma að máluppeldi barna. Nauðsynlegt er því að bregðast snemma við þegar vandamála verður vart og vinna frá upphafi markvisst að því að efla orðaforða barna með tiltækum ráðum.

Einstaklingsmunur í málþroska er einkum talinn stafa af sjálfu máluppeldinu og rannsóknir benda eindregið til þess að eftir því sem börn fá meiri og fjölbreyttari málörvun í gegnum máluppeldi sitt, heima og í skóla, hafi þau meiri orðaforða og standi sig þar með betur í skóla (sbr. Hrafnhildur Ragnarsdóttir 2015, Sigríður Ólafsdóttir og Baldur Sigurðsson 2017). Þannig hefur verið talað um að það að fá börn til dæmis til að (endur)segja sögur og jafnvel samræður barna og foreldra við matarborðið um hvernig dagurinn hafi verið sé um leið þjálfun í færni af því tagi sem gagnist börnum í skóla. Mál og uppbygging slíkra samskipta geti haft ýmis bókmenntaleg einkenni og svipi til stuttra ritgerðarkorna sem geta því verið vísir að þeirri færni sem áfram er byggt á innan skólakerfisins (sjá Gee 2004: 18–25, 2015: 174).

Orðaforði barna hefur mikið forspárgildi fyrir lesskilning og bæði innlendar og erlendar rannsóknir hafa sýnt að til þess að lesskilningur sé viðunandi þurfi lesendur að skilja um 98% orða í texta (sbr. Erla Lind Þórisdóttir 2017: 58, Sigríður Ólafsdóttir og Baldur Sigurðsson 2017: 8 og tilv. þar). Ríkur orðaforði er jafnframt forsenda þess að nemendur hafi tæk á því að bæta sig og með hverju árinu sem líður dregur sundur með þeim sem standa best og þeim sem standa lakast (Hrafnhildur Ragnarsdóttir 2015: 5, Erla Lind Þórisdóttir 2017: 26–27). Í þessu sambandi er einnig mikilvægt að huga sérstaklega að börnum sem hafa íslensku sem annað mál því orðaforði þeirra dreifist á fleiri en eitt tungumál og íslenskur orðaforði þeirra getur því verið minni en eintyngdra jafnaldra þeirra (sjá t.d. Elínu Þórðardóttir 2011, 2019). Því megi íslenskukennsla nemenda með íslensku sem annað mál ekki snúast eingöngu um beina tungumálakennslu heldur verði einnig að

leggja áherslu á bókmenntir og að byggja upp orðaforða nemenda (sbr. Kristján Jóhann Jónsson, Dagný Kristjánsdóttir og Ásgrímur Angantýsson 2018: 223).

Vísbendingar eru um að hvorki nemendur né foreldrar átti sig nægilega vel á mikilvægi bóklesturs (sjá Brynhildi Þórarinsdóttur og Kristján Jóhann Jónsson 2018: 51–52, 55–57). Fátt skiptir þó meira máli en bóklestur við að auka orðaforða og þjálfar lesfimi eða sjálfvirkni í lestri sem einnig hefur áhrif á lesskilning (Freyja Birgisdóttir 2016: 5, Dagný Kristjánsdóttir o.fl. 2018: 128). Hvetja þarf foreldra til að styðja við lestrarþjálfun barna sem hluta af máluppeldinu og þar er fjöldi viðburða og átaksverkefna, til dæmis *Litla og Stóra upplestrarkeppnin* fyrir 4. og 7. bekk grunnskóla, lestrarverkefni eins og *Tími til að lesa á* vegum Menntamálastofnunar og mennta- og menningarmálaráðuneytisins og fleira í þeim dúr, vænleg tæki til þess að minna á mikilvægi lestrar og læsis.

Mikilvægt er að máluppeldi sé með jákvæðum formerkjum svo að börn og unglingar verði ekki fráhverf málinu og kjósi ekki ensku fram yfir íslensku til frambúðar. Langt er síðan farið var að fjalla um neikvæðar afleiðingar málumvöndunar fyrir sjálfsmynd fólks en það hefur jafnframt áhrif á viðhorf fólks til tungumálsins og til annarra málnotenda (sjá Hönnu Óladóttur 2010: 2 og rit sem þar er vitnað til). Málvarslegar aðfinnslur geta haft útilokandi verkun og falið í sér „sjálfsupphafningu“ en neikvæð áhrif þessa eru sennilega hvergi eins augljós og þegar í hlut á fólk sem ekki hefur íslensku sem fyrsta mál (sjá Hönnu Óladóttur 2017: 214–216). Rannsóknir á málsambýli og tvítyngi sýna að lífvænleiki tungumála og/eða hve fólk leggur sig mikið eftir að læra þau veltur að miklu leyti á jákvæðum viðhorfum til tungumálsins og þess hvort það nýtur virðingar (sjá t.d. Sigríði Sigurjónsdóttur 2020).

Íslenska í skólakerfinu

Á öllum skólastigum skal efla jákvætt viðhorf nemenda og starfsfólks til íslensku og hvetja til hvers konar tjáningar. Marka þarf málstefnu fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og birta hana í almennum hluta aðalnámskrár fyrir hvert þessara skólastiga. Það stuðlar að því að setja skýran ramma um stöðu íslensku og tryggja að hún sé notuð á öllum sviðum, ekki aðeins í almennu tilliti heldur einnig sértækt með þarfir hvers skólastigs í huga. Leggja þarf áherslu á að leikskólabörn eru á máltökuskeiði og

nauðsynlegt er að þau fái fullnægjandi málörvun á þessu sérstaka næmiskeiði til þess að öðlast eðlilegan málþroska (sjá Sigríði Sigurjónsdóttur 2019). Málþroski leikskólabarna hefur forspárgildi um lestrarnám í grunnskóla (sbr. Hrafnhildur Ragnarsdóttir 2015) og nær því einnig til fjölda annarra þátta í skólagöngu barnsins. Hann veitir þannig vísbendingar um árangur þeirra á síðari skólastigum, meðal annars um brottfall úr framhaldsskóla. Því er nauðsynlegt að grunnurinn sé góður. Máltaka barna, málþroski, málörvun og lestrarnám er enda hluti af kennaramenntun verðandi leikskólakennara. Í núgildandi *Aðalnámskrá leikskóla* (2012) er engin áhersla á málörvun og málþroska. Hvergi er til að mynda vikið að málþroska í námskránni.

Í ljósi þess á hve viðkvæmu stigi leikskólabörn eru í máltöku þarf að tryggja að kennsla og umönnun barna í leikskólum fari fram á íslensku. Aðalnámskrá setur leikskólum bindandi skorður og er að því leyti ígildi reglugerðar með lögum um leikskóla. Ekki er hins vegar minnst á þetta atriði í henni. Í íslenskri málstefnu er áhersla lögð á að erlent starfsfólk í leikskólum hafi færni í íslensku sem telst fullnægjandi til að vinna með börnum og að sveitarfélögum eða öðrum rekstraraðilum leikskóla verði lögð sú skylda á herðar að sjá til þess að starfsfólk fái tækifæri til að öðlast þá færni. Í þessu sambandi má nefna að þegar þekkist á háskólastigi að í málstefnu séu skráð tímamörk fyrir starfsmenn sem ekki hafa íslensku að móðurmáli um hvenær þeim beri að hafa náð fullnægjandi tökum á íslensku. Skýr ákvæði um íslensku sem kennslutungu og það mál sem notað sé í umönnun er síst veigaminna atriði á yngstu skólastigunum.

Málfærni barna í grunnskóla leggur grunninn að síðara námi. Íslenska er ekki einvörðungu námsgrein heldur mikilvægasta verkfærið í náminu. Færni í íslensku stuðlar að betri lesskilningi en það er grundvallaratriði eigi börn að tileinka sér námsefni á bók. Mikilvægt er að börn á grunnskólaaldri fái skýr skilaboð um að þau hafi góð tök á íslensku til þess að þau verði henni ekki fráhverf og kjósi ensku eða önnur mál fram yfir hana. Til þess að árangur náist á þessu sviði er áriðandi að endurskoða umfjöllun um læsi í aðalnámskrá grunnskóla. Eins og bent hefur verið á er skilgreining læsis í aðalnámskrá fremur óljós og frábrugðin skilgreiningum OECD og viðmiðum á PISA-prófunum (sbr. Brynhildur Þórarinsdóttir og Kristján Jóhann Jónsson 2018: 43–46, Menntamálastofnun 2019: 40). Í aðalnámskrá þarf að skerpa á læsishugtakinu og tengja það með skýrari hætti við

hæfniþrep. Áhersla á læsi ætti að vera til staðar á öllum skólastigum, ekki aðeins í yngstu bekkjunum, og skilgreina ætti nákvæmlega hvert hæfniþrep fyrir sig með greinilegri stígandi í erfiðleikastigi.

Þá ber að nefna hér að samræmd próf í íslensku hafa verið gagnrýnd fyrir að mæla mjög afmarkaða þætti með áherslu á greiningu og flokkun af ýmsu tagi sem gefur ekki góða heildarmynd af færni nemenda. Málnotkun er ekki prófuð heldur hafa prófin að töluverðu leyti snúist um afmörkuð vandmeðfarin atriði og gildir. Þetta er til þess fallið að ýta undir neikvæð viðhorf til námsgreinarinnar sem íslenska má illa við eins og bent hefur verið á (sbr. t.d. Iris Edda Nowenstein o.fl. 2018, Eiríkur Rögnvaldsson 2020a).

Þá prófa samræmd próf þætti sem ekki eru kerfisbundið á dagskrá í skólum heldur tengjast einkum mismunandi menningarbakgrunni nemendanna. Þetta atriði er einnig mikilvægt að hafa í huga í túlkun á gengi einstakra skóla vegna þess hve menningarlegur bakgrunnur nemenda getur verið breytilegur eftir skólum (sbr. Kristján Jóhann Jónsson o.fl. 2018: 217 og tilv. þar). Prófin þyrfti að endurskoða í samræmi við gagnrýni og óskir um áherslubreytingar í námsefni og kennsluháttum þar sem samhengislaus greiningarvinna fengi í auknum mæli að víkja fyrir fjölbreyttari, jákvæðari og meira skapandi nálgun á mál og málnotkun (sjá t.d. Hönnu Óladóttur 2017, Eirík Rögnvaldsson 2020a).

Marka þarf heildarstefnu í málefnum nemenda með annað móðurmál en íslensku. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands (2019a) hækkar hlutfall grunnskólanemenda með erlent tungumál að móðurmáli ár frá ári og er nú orðið meira en 10%.

Þegar í framhaldsskóla er komið er hinu eiginlega máltökuskeiði lokið. Ungmennni á framhaldsskólaaldri eru þó enn að efla og slípa málfærni sína, prófa sig áfram í málnotkun og auka orðaforðann. Þau eru opin fyrir nýjungum og hafa gaman af að spreyta sig á málinu. Enn er íslenska málið sem námið fer fram á að mestu leyti og sú sérstaða þarf að njóta viðurkenningar. Miklu skiptir að auka svigrúmið á þessu námsstigi til að fram geti farið enn markvissari ritþjálfun en nú úðkast til að auðvelda frekari menntun og þátttöku í nútímasamfélagi. Sömuleiðis þarf að auka þjálfun í tjáningu af öðru tagi. Þá er mikilvægt að nemendur hafi á þessu stigi kynnst rækilega íslenskum bókmenntum og menningu til að auðvelda þeim að skilja samhengi menningarinnar sem þau sjálf lifa og hrærast í. Loks

skiptir máli að kynna framhaldsskólanemendum mismunandi málstaðla og viðmið og þar með hvað telst viðeigandi og óviðeigandi í ákveðnu samhengi.

Stórauka þarf vægi íslensku í kennaranámi. Þegar *Íslenska til alls* (bls. 26–27) kom út hafði verið dregið úr íslenskukennslu í menntun verðandi kennaraefna. Þar er lögð fram lágmarkskrafa um 60 eininga nám í íslensku máli, bókmenntum og kennslu íslensku sem annars máls í fimm ára (alls 300 eininga) námi fyrir grunnskólakennara (tilv. rit, bls. 31). Eins og staðan er nú er íslenskukennsla langt undir þessum einingafjölda í almennu kennaranámi og kennarar hafa sjálfir lýst yfir áhyggjum sínum af skorti á málfræðipækkingu í eigin röðum (sjá Ásgrím Angantýsson o.fl. 2018: 146). Sú lágmarkskrafa, sem sett er fram í *Íslensku til alls* um íslenskukennslu, verður almennt ekki uppfyllt nema kennaraefni velji sérstaklega námsleið með áherslu á íslensku.

Styðja þarf við starfsþróun og símenntun á kerfisbundinn hátt til þess að efla lærdómssamfélag skólanna. Í Svíþjóð, þar sem hleypt var af stokkunum verkefni um bætt læsi á öllum námsstigum, hefur betri frammistaða nemenda í lesskilningi verið tengd við markvissa símenntun kennara (Menntamálastofnun 2019: 51 og tilv. þar). Samhliða endurskoðun á hæfniviðmiðum í tengslum við læsi er starfsþróun og símenntun kennara því einkar mikilvægt skref.

Með kerfisbundinni símenntun er kennurum gert kleift að kynna sér nýjungar í kennslumálum í takt við breyttar aðstæður og afla sér traustrar fræðilegrar þekkingar á íslensku, hvort heldur er sem hluta af móðurmálskennslu eða sem öðru máli. Þannig verði lögð áhersla á að auka hæfni kennara í íslensku og að þeir hafi tök á fjölbreyttum kennsluháttum til þess að kenna nemendum með ólíkan bakgrunn íslensku. Völ þarf að vera á kennurum sem eru sérmenntaðir til þessara starfa og hafa fræðilega þekkingu á tileinkun og kennslu íslensku sem annars máls, einkennum íslensku sem annars máls og þekktum tilbrigðum eftir uppruna nemendanna, auk máltöku móðurmáls. Þessi atriði eru meðal forsendna þess að markmið íslenskrar málstefnu um að íslenska verði áfram aðalsamskiptamálið í fjölþjóðlegu samfélagi á Íslandi náist eins og fjallað er um í *Íslensku til alls* (bls. 80). Frá því að það rit birtist hefur þetta málefni aðeins orðið enn meira aðkallandi.

Rannsóknir hafa leitt í ljós að málkennd og málþroska nemenda er oft ábótavant. Því er mikilvægt að auka þjálfun kennaranema, bæði í málbeitingu og hæfni til að efla málkennd barna og unglinga. Í markmiðum *Íslensku til alls* (bls. 30) var lögð áhersla á að efla þyrfti færni kennara á öllum skólastigum á þessum sviðum og í nýlegri rannsókn á íslenskukennslu í grunn- og framhaldsskólum er vikið að þessum sömu vandamálum með tilvísun til fyrri rannsókna (sbr. Dagný Kristjánsdóttir o.fl. 2018: 127–128). Kennararnir eru sjálfir málþyrirmyndir barna á máltökuskeiði á leikskólastigi og í yngri bekkjum grunnskóla og nauðsynlegt er að þeir hafi fræðilega þekkingu á íslensku máli og málnotkun til þess að vera færir um að leiðbeina nemendum.

Örar samfélagslegar breytingar hafa sett svip sinn á þjóðfélagið þar sem síaukinn fjöldi barna er af erlendum uppruna, á foreldri sem ekki hefur íslensku að móðurmáli eða hefur alist upp að hluta erlendis. Tryggja þarf að menntun íslenskukennara taki mið af stöðugt fjölbreyttari bakgrunni nemenda. Mikilvægt er að nemendur fái jöfn tækifæri til náms og að sérfræðiþekking sé fyrir hendi til þess að hægt sé að sinna þörfum nemenda sem búa við ólíkar aðstæður. Samkvæmt tilkynningu frá Hagstofu Íslands (2019b) fyrir skólaárið 2016–2017 er mikill munur á hlutfalli þeirra sem útskrifast úr framhaldsskóla eftir bakgrunni nemendanna. Sé miðað við hlutfall af mannfjölda 18–22 ára útskrifuðust tæp 24% þeirra sem hafa engan erlendan bakgrunn en aðeins 16,5% erlendis fæddra með annað foreldri erlent og rúm 8% erlendis fæddra þar sem báðir foreldrar eru erlendir. Þessar niðurstöður eru áhyggjuefni og benda til þess að þörfum þessara ólíku hópa megi sinna betur en nú er gert.

Fjölbreytt og vandað námsefni í íslensku þarf að vera í boði þar sem jafnframt er tekið mið af nýjustu rannsóknum og fagþekkingu. Það á einkum við um hvernig fjallað er um máltöku og máltileinkun, málbreytingar í íslensku, tilbrigði í máli og málviðmið, eins og hvaða atriði þyki eða þyki ekki við hæfi í tilteknu málsniði (sjá ítarlega umræðu um þessi hugtök hjá Kristjáni Árnasyni 2004 og Ara Páli Kristinssyni 2007, 2017, 2019) en einnig hvernig unnið er með ýmis álitamál og þar sem fræðileg greining hefur breyst í tímans rás. Því er mikilvægt að haft sé samráð við fagfólk sem hefur trausta, fræðilega þekkingu á íslensku og að efnið sé í góðu samræmi við námskrár og hæfniviðmið.

Stuðla þarf að eðlilegri framvindu í ritunarnámi og forðast að ritunarkennsla festist í að snúast um handverk og tæknileg atriði. Skilgreina þarf framvindu með hliðsjón af

hliðstæðri þrepaskiptingu í tengslum við læsi og lesskilning. Þá ætti ritun að vera sjálfstæð kennslugrein og hana ætti að skilgreina til viðbótar en ekki á kostnað annarra mikilvægra þátta íslenskumenntunar (sbr. einnig Íslensk málnefnd 2017).

Læsi barna er breytilegt eftir því félagslega og menningarlega umhverfi sem þau alast upp í og framvinda og árangur er það sömuleiðis allt frá upphafi skólagöngu (sjá Ásgrím Angantýsson o.fl. 2018: 150). Sumir nemendur alast upp í umhverfi þar sem þeir komast í meiri snertingu við ritað mál og málnotkun sem er nálægt þeim viðmiðum sem almennt gilda um formlegt málsnið og algengt er að spurt sé um í prófverkefnum. Aðrir fá hugsanlega bággt fyrir að rita eða jafnvel tala það mál sem þeir ólust upp við. Rannsóknir benda til að málfar í ritgerðum og prófum sé mjög veigamikill þáttur í námsmati án þess að vera beinlínis hluti af námsefninu (sbr. Guðrún Sesselja Sigurðardóttir 2017, Ásgrímur Angantýsson o.fl. 2018: 155).

Afleiðing þessa er sú að sumir nemendur eru meira á heimavelli en aðrir í málumhverfi skólans. Aðrir geta fundið til óöryggis í þessu umhverfi. Augljósastur er þessi munur gagnvart nemendum sem tala íslensku sem annað mál en þetta atriði er ekki síður mikilvægt þar sem í hlut eiga nemendur sem hafa íslensku að móðurmáli. Hér sitja ekki allir við sama borð. Í kennslu þarf að vera vakandi fyrir þessum mun og veita þeim nægilegt aðhald sem á þurfa að halda.

Alþjóðlegur samanburður á niðurstöðum úr PISA-prófum sýnir að árangur íslenskra nemenda er slakur þegar kemur að læsi. Einnig hefur verið bent á meinlega vankanta á framkvæmd prófanna hér á landi. Þýðingar á textum, sem notaðir eru í prófunum til þess að mæla lesskilning, eru ekki unnar á fullnægjandi hátt því þær taka ekki mið af orðtíðni í íslensku (sbr. Auður Pálsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir 2019, Eiríkur Rögnvaldsson 2020b). Leggja þarf vinnu í að tryggja að þýðingarnar séu ekki aðeins efnislega réttar heldur sé einnig hugað skipulega að mállegum og formgerðarlegum þáttum. Sú vinna verður að byggjast á rannsóknnum og samráð að vera milli þýðenda og fræðimanna sem hafa sérhæft sig í rannsóknnum á málnotkun. Þrátt fyrir að íslenska sé viðamest námsgreina á grunnskólastigi er samanburður við stundafjölda í nágrannalöndunum óhagstæður. Samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* (bls. 52) er hlutfall íslensku af heildartímafjölda nú 18,08%. Það er lægra hlutfall en meðal annarra Norðurlandþjóða.

Eins og staðan er nú virðast allir sammála um að íslenskukennsla sé mikilvæg en óljóst er til hvers er vísað í því samhengi. Spyrja má hvers vegna bókmenntir og málfræði séu

taldar mikilvægar greinar og hvort nægilega sé hugað að mikilvægi þeirra fyrir almennan greindarþroska og námsfærni. Marka þarf skýra stefnu um hvað eigi að kenna, hvenær og að hvaða markmiðum skuli stefnt. Ef námskrár eru ekki nægilega skýrar að þessu leyti og kennurum sjálfum eru þessi atriði ekki fyllilega ljós er þess ekki að vænta að nemendur eigi auðvelt með að átta sig á þeim heldur.

Íslenska sem annað mál

Í samræmi við vaxandi fjölda þeirra sem læra íslensku sem annað mál er mikilvægt að mörkuð sé heildarstefna í málefnum nemenda með annað móðurmál en íslensku. Hefjast þarf handa við að greina vandann og finna leiðir til úrbóta með það að leiðarljósi að koma á markvissu heildarskipulagi og kerfisbundnu samstarfi milli skólastiga. Hópurinn er fjölbreyttur og nauðsynlegt að tryggð séu úrræði sem taka mið af því. Samhliða því að skólakerfið styðji þennan hóp með viðeigandi íslenskukennslu sem byggist á rannsóknum á sviði annarsmálsfræða þarf að virkja foreldra til að viðhalda eigin móðurmáli og miðla því til barna sinna, ásamt því að styðja við íslenskunám barnanna. Mikilvægt er fyrir þróun læsis og aðra námsframvindu þessara barna að þetta tvennt haldist í hendur þannig að þau fái fullnægjandi málörvun bæði á móðurmáli sínu og á íslensku. Í *Aðalnámskrá grunnskóla* (bls. 106) er kveðið á um að nemendur rækti eigið móðurmál og stefnt sé að virku tvítyngi. Þar er einnig að finna þrepaskipt hæfniviðmið fyrir byrjendur, lengra komna og lengst komna í lestri, bókmenntum og ritun. Þörf er á heildstæðri aðgerðaáætlun á þessu sviði fyrir menntakerfið þar sem hlutverk og skyldur hvers skólastigs eru skilgreindar og afmarkaðar.

Til þess að menntakerfið sé fært um að sinna ofangreindu hlutverki þarf stórátak í menntun og endurmenntun kennara. Mikilvægt er að kennsla íslensku sem annars máls á mismunandi skólastigum sé tengd við þá þekkingu sem fyrir hendi er á sviði íslensku sem annars máls. Þekking á sviði rannsókna, bæði á tileinkun og kennslu íslensku sem annars máls, er nauðsynlegur grundvöllur stefnumörkunar og fyrir þróun kennsluefnis. Á Menntavísindasviði Háskóla Íslands er íslenska sem annað mál skyldunámskeið á námsleiðinni kennsla íslensku í framhaldsnámi en einnig er boðið upp á íslensku sem annað mál sem sérhæfingu í fimm ára kennaranámi og sem val á öðrum námsleiðum.

Þetta skiptir vissulega máli en nauðsynlegt er að allir kennarar hljóti ákveðna grunnmenntun á sviði íslensku sem annars máls.

Þróunin frá því að *Íslenska til alls* kom út hefur verið hröð. Íbúar af erlendum uppruna eru nú tvöfalt fleiri en þá (*Íslenska til alls*, bls. 78, tafla 1). Samkvæmt tilkynningu frá Hagstofu Íslands (2020) voru innflytjendur á Íslandi 55.354 í ársbyrjun 2020 eða 15,2% alls mannfjöldans. Þessi þróun er jákvæð en kallar á samstilltar aðgerðir því áriðandi er að þessum hópi sé vel sinnt og hann studdur í að ná tökum á íslensku. Hvatning er nauðsynleg en dugir ekki til ein og sér heldur þarf beinlínis að ráðast í mótvægisáðgerðir til að styrkja stöðu íslensku, bæði með aðkomu skólakerfisins og stuðningi opinberra sjóða (Íslensk málnefnd 2017).

Gæta þarf að því að samfélagið verði ekki aðgreint en það getur leitt til aukins misréttis og skertra lífsgæða. Í framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016–2019 (Þingsályktun nr. 63/145) er þess vegna lögð áhersla á jöfn tækifæri allra landsmanna óháð bakgrunni, meðal annars með tilliti til menntunar og þátttöku á vinnumarkaði. Þannig skal tryggja börnum og ungmönnum með annað móðurmál en íslensku stuðning á öllum skólastigum sem felur í sér móðurmálskennslu í viðkomandi máli og að nemendur geti fengið móðurmál sitt metið til eininga. Samkvæmt þingsályktuninni skal einnig unnið að samræmdum leiðarvísi fyrir móðurmálskennslu á öllum skólastigum.

Stefnt er að virku tvítyngi eða fjöltyngi enda er viðurkennt að málviðbót, þar sem annað mál er lært samhliða móðurmálinu, sé mun farsælla en málskipti og færni í móðurmáli er talin styðja við vitsmunalegan þroska á öðrum sviðum (sbr. t.d. Birna Arnbjörnsdóttir 2007). Rannsóknir á tvítyngi sýna glögg mikilvægi þess að efla fræðslu fyrir foreldra barna með annað móðurmál en íslensku til þess að hlúa að móðurmáli barnanna með virkt tvítyngi eða fjöltyngi í huga. Einnig þarf að efla rannsóknir á stöðu og líðan þessara barna innan skólakerfisins og kanna ástæður þess að hlutfallslega færri úr þeirra hópi hefja framhaldsnám og ljúka því (sjá tillögur starfshóps þar að lútandi, sbr. mennta- og menningarmálaráðuneyti 2020). Menntun í nútímasamfélagi er almennt talin mikilvæg undirstaða velgengni í lífinu og því þurfa allir að hafa jafnan aðgang að henni, hver svo sem bakgrunnur þeirra er. Traust þekking þarf að vera til staðar á öllum skólastigum í móðurmálskennslu nemenda með fjölbreyttan bakgrunn og í kennslu íslensku sem annars máls.

Í fyrrnefndri þingsályktun um eflingu íslensku (nr. 63/145) er gert ráð fyrir að gæði og framboð íslenskukennslu fyrir innflytjendur verði aukið til þess að íslenska nýtist þeim til virkrar þátttöku í samfélaginu og að hæfni og menntun samfélagstúlka verði eflað í samstarfi við háskóla og aðrar menntastofnanir. Skortur á íslenskukunnáttu dregur mjög úr tækifærum innflytjenda til lýðræðislegrar þátttöku, ekki aðeins á almennum vinnumarkaði heldur einnig til dæmis í félagsstörfum og stjórnmálum. Aðbúnaður til íslenskunáms þarf að vera fullnægjandi til þess að engum samfélagshópum sé meinaður aðgangur að ólíkum sviðum samfélagsins og lýðræðislegri ákvarðanatöku. Eitt markmið þingsályktunarinnar er að hlutfall innflytjenda í opinberum störfum og áhrifastöðum sé í takt við lýðfræðilega samsetningu samfélagsins hverju sinni. Þetta markmið mun ekki nást nema innflytjendur hafi greiðan aðgang að íslenskukennslu.

Eins og Íslensk málnefnd (2013) hefur bent á er nauðsynlegt skref í skipulagsátt að hanna próf til þess að meta kunnáttu og færni innflytjenda í íslensku en það myndi gagnast bæði í skólastarfi, við gerð námsefnis og kennsluáætlana, og á vinnumarkaði. Í þingsályktuninni frá 2016 (nr. 63/145) um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda er gert ráð fyrir að mótaður verði hæfniramma um íslenskunám innflytjenda og að samhliða því verði komið á fót rafrænu matskerfi sem er ætlað að meta íslenskuhæfni fullorðinna innflytjenda. Með þessu móti er hægt að gera skýrari kröfur með tilvísun í lágmarks- eða viðmiðunarkunnáttu í íslensku til þess að gegna tilteknum störfum. Slík viðmið, sem verða að byggjast á rannsóknum á tileinkun íslensku sem annars máls, eru einnig mikilvæg fyrir gerð námsefnis af ólíku tagi og geta verið innflytjendum aukin hvatning til þess að ná árangri.

Íslenska í háskólum og rannsóknastarfi

Vísindasamfélagið er alþjóðlegt og það setur svip sinn á starf háskóla. Mikill hluti náms- og kennsluefnis í háskólum er á erlendum tungumálum (sjá t.d. Guðrúnu Kvaran 2004, 2005, 2015, Ara Pál Kristinsson og Harald Bernharðsson 2014). Meðal annars eru meira en 90% kennslubóka sem notaðar eru í námskeiðum við Háskóla Íslands skrifaðar fyrir nemendur sem hafa ensku að móðurmáli (Birna Arnbjörnsdóttir 2018) en kennsluefni á

íslensku er af skornum skammti. Æskilegt væri að meira framboð væri af kennsluefni á íslensku í háskólum.

Erlent samstarf hefur jafnan verið ríkur þáttur í starfi vísindafólks sem sækir alþjóðlegar ráðstefnur og kynnir niðurstöður sínar á erlendum málum. Í þessu getur falist landkynning og markvert framlag til almennrar fræðilegrar þekkingar. Þar af leiðandi eru alþjóðleg tengsl mikilvæg fyrir háskólafólk og jafnframt nauðsynleg forsenda þess að það geti auðgað íslenskt samfélag með nýrri þekkingu.

Samfélagslegar skyldur háskóla eru ríkar, ekki síst skyldur við íslenska tungu. Flestir íslenskir háskólar hafa samþykkt málstefnu. Í málstefnu Háskóla Íslands kemur þannig fram að íslenska sé sjálfgefið tungumál í öllu starfi. Ritver eru vettvangur til að efla miðlun vísindalegrar þekkingar í samfélaginu á íslensku. Víða erlendis bjóða ritver við háskóla nemendum og kennurum stuðning við fræðileg skrif á móðurmáli sínu (Baldur Sigurðsson 2011). Við íslenska háskóla, að minnsta kosti Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri, starfa ritver en þennan stuðning þarf engu að síður að efla í háskólum á Íslandi.

Í þingsályktun nr. 36/149 frá 2019 eru skýr tilmæli um að kennsla fari eftir föngum fram á íslensku eða íslensku táknmáli og er vísað til 1.–6. þreps hæfniramma um íslenska menntun (mennta- og menningarmálaráðuneyti 2016). Hæfniþrep fyrir æðri menntun og prófgráður eru tengd við þrjú efstu þrep hæfnirammans en sjöunda og efsta þrep hæfniramma æðri menntunar er undanskilið fyrrnefndum tilmælum. Efsta þrepið felur meðal annars í sér yfirgripsmikla yfirsýn yfir kenningar, rannsóknir og nýjustu þekkingu, að geta framkvæmt og leitt rannsóknir og átt frumkvæði að, borið ábyrgð á og miðlað flókinni fræðilegri vinnu til annarra. Það væri í samræmi við ofansagt um að auka hér vægi íslensku að staða hennar gagnvart ensku yrði einnig tryggð á sjöunda þrepi hæfnirammans svo þessi mál stæðu jafnfætis.

Ari Páll Kristinsson og Haraldur Bernharðsson (2014) hafa kannað notkun íslensku og ensku sem kennslumáls við íslenska háskóla. Þeir komust að þeirri niðurstöðu að þó að íslenska væri aðalkennslumál allra háskóla á Íslandi færi kennsla einnig fram á ensku við flesta háskóla. Þeir minna á að alþjóðlegar rannsóknir bendi til að kennsla á öðru máli en móðurmáli hafi neikvæð áhrif á þátttöku nemenda í tímum og mögulega á námsárangur. Þá geri háskólar gæðakröfur til ensku þar sem lögð er áhersla á færni nemenda og kennara og þeir hvattir til að vanda málnotkun rétt eins og á íslensku. Í þessu samhengi hefur þeirri spurningu einnig verið velt upp hvernig sinna eigi íslenskum nemendum sem taka

námskeið sem kennd eru á ensku og hvort þeir ættu þá að fá tilsögn í ensku (Guðrún Kvaran 2004).

Miklar breytingar hafa orðið á vinnumhverfi í tölvum síðasta áratug. Háskólarnir nýta nú skýið fyrir vinnslu sína í vaxandi mæli. Framleiðendur hugbúnaðar hafa sumir hverjir lagt vinnu í að íslenska viðmót og yfirlestrartól þannig að nú er hægðarleikur að hafa allt vinnumhverfi á íslensku. Efling máltækni á vegum Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík ýtir undir notkun íslensku í tölvu- og tækniúmhverfi og hvetur Íslensk málnefnd til þess að haldið verði áfram á þeirri braut.

Ein af skyldum Háskóla Íslands er að halda uppi öflugri háskólakennslu og rannsóknastarfsemi í íslensku og íslenskum fræðum (sbr. 2. grein þingsályktunar nr. 36/149 frá 2019). Engu að síður hefur reynst torvelt að fá fjárheimildir til að ráða akademíska starfsmenn til að halda uppi kennslu á lykilsviðum íslenskra fræða, til að mynda í íslenskum nútímabókmenntum á Hugvísindasviði og í kennslu íslensku sem faggreinar á Menntavísindasviði. Þetta bitnar á kennaraefnum sem eiga að kenna íslensku, bæði sem fyrsta og annað mál, í grunn- og framhaldsskólum.

Háskólasamfélagið ber mikla ábyrgð á því hvort til verður á íslensku vísindalegur orðaforði og þess vegna er mikilvægt að fræðigreinar séu skrifaðar á íslensku. Markaður fyrir fræðigreinar og fræðirit er smár á Íslandi og það skapar ákveðinn vanda. Þeim mun mikilvægara er að háskólakennarar og aðrir vísindamenn finni farvegi til að miðla fræðum sínum og vísindum á íslensku, til dæmis með því að nýta möguleika eins og hlaðvörp og myndbandsrásir í streymi. Þá er ástæða til að hvetja til þess að sem flest íslensk vísindatímarit séu rafræn og í opnum aðgangi og háskólakerfið leggi áherslu á miðlun fræðilegs efnis á íslensku.

Öflugt iðorðastarf er ein af grundvallarforsendum þess að hægt sé að nota íslensku á öllum sviðum. Snýr þetta að öðru verkefni sem Íslensk málnefnd hefur lengi lagt áherslu á sem er að efni á íslensku sé sem opnast, aðgengilegast og ódýrast á netinu. Ljóst er að yngri kynslóðir sækja þekkingu sína að verulegu leyti á netið og Íslendingar hafa reynst eftirbátar stærri þjóða í að koma alfræðiefni þar fyrir. Ekki er líklegt að bætt verði úr því nema að til komi sérstakt stjórnvaldsátak.

Menning og miðlar

Jákvætt viðhorf til íslensku í miðlum, menningu og listum skiptir miklu máli. Fjölmiðlar og efnisveitur, leiklist, ritlist og tónlist eru máttarstólpar í miðlun á íslensku. Þar eru ótal tækifæri til nýsköpunar í máli og tilbrigða í málsniði og stíl. Líklega hefur aldrei verið jafnmikil fjölbreytni og jafnmikið framboð á menningarlegu efni í gegnum ólíka miðla og nú. Í ljósi þess hve mikilvæg þessi svið eru fyrir stöðu íslensku, ekki síst til mótnar á viðhorfum til málsins, þurfa allir sem sinna hvers kyns miðlun að vera meðvitaðir um þátt sinn í að efla tungumálið.

Ríkisúttvarpið er eini fjölmiðillinn sem hefur markað sér málstefnu. Frá því að *Íslenska til alls* kom út hefur formleg staða íslensku batnað að því leyti að settur hefur verið lagarammi um notkun íslensku með lögum um fjölmiðla (nr. 38/2011). Í 29. grein þessara laga er kveðið á um að fjölmiðlar sem miðla efni á íslensku marki sér málstefnu og vinni að því að efla íslenska tungu.

Með lögnum var sett á fót fjölmiðlanefnd sem hefur eftirlit með löggjöf um fjölmiðla og hlutverk hennar er meðal annars að sjá til þess að reglum um íslensku sé framfylgt. Það eru annars vegar reglur um tal og texta á íslensku og hins vegar um aðgengi sjón- og heyrnarskertra að fjölmiðlum. Þá skuli íslenskt tal eða texti jafnan fylgja hljóð- og myndefni á erlendu máli þó að lögin heimili einnig að hér á landi starfi fjölmiðlar sem dreifa efni á öðrum tungumálum en íslensku. Fjölmiðlum er skylt (skv. 23. gr.) að senda nefndinni árlegar skýrslur meðal annars um hlutfall íslensks myndefnis í línulegri dagskrá og hlutfall pantana á íslensku efni í ólínulegri dagskrá.

Í 2. grein þingsályktunar nr. 36/149 frá 2019 um eflingu íslensku er gert ráð fyrir að innlend dagskrárgerð fyrir ljósvakamiðla og vef verði eflað, auk þess sem einkareknir fjölmiðlar fái stuðning við öflun og miðlun fréttu og fréttatengds efnis á íslensku. Ályktunin kveður á um aukinn stuðning á sviði íslenskrar bókaútgáfu og þýðinga, tónlistar, myndlistar og sviðslista, auk áframhaldandi stuðnings við gerð kvikmynda- og sjónvarpsefnis á íslensku. Allar eru þessar greinar gríðarlega mikilvægar fyrir íslensku og íslenska málnotendur, bæði til þess beinlínis að efla máltilfinningu fólks og ekki síður til að stuðla að jákvæðum viðhorfum til málsins. Þá þarf einnig að huga að því að á sviði menningar og lista séu notuð íslensk hugtök og heiti. Í þessu sambandi ber enn fremur að nefna að gert er ráð fyrir að sérstaklega skuli hugað að efni sem höfðar til hinna yngri og sér þessa til dæmis þegar stað á sviði íslenskrar leikritunar.

Brýnt er að styðja við listafólk svo að hægt sé að hafa lifibrauð af menningu og listum enda standa ýmsar menningarlega mikilvægar greinar sjaldan eða aldrei fjárhagslega undir sér á örsmáum íslenskum markaði. Eins og Íslensk málnefnd (2014) hefur bent á er efling íslenskrar dagskrárgerðar leið til mótvægis við sívaxandi hlut afþreyingarefnis á ensku í gegnum erlendar efnisveitur. Þó ber að hafa í huga að erlendar efnisveitur fela einnig í sér tækifæri til miðlunar á íslenskum listum og menningu, eins og fjölmörg dæmi eru um á undanförunum árum, til dæmis á sviði íslenskrar tónlistar og íslenskra sjónvarpsþátta sem hafa verið vinsælar á streymisveitum.

Sama máli gegnir um bókaútgáfu en niðurhal og streymi á bókum á rafrænu formi færast nú mjög í aukana. Notkun hljóðbóka hefur stórukist á undanförunum árum. Við því mætti bregðast með því að gera Hljóðbókasafn Íslands að almenningsbókasafni þar sem almenningur gæti keypt sér bókasafnsskírteini eins og á öðrum söfnum. Vinsælar erlendar veitur hafa að nokkru leyti fyllt þetta skarð og stuðlað að stórukinni útbreiðslu á og aðgengi að margvíslegum hljóðbókum.

Bókaútgáfa hefur átt undir högg að sækja undanfarin ár með tilheyrandi samdrætti í bóksölu og veltu íslenskra bókaútgefenda. Í umræðum á Alþingi um stuðning við útgáfu bóka á íslensku kom fram að veltusamdráttur í íslenskri bókaútgáfu væri um 40% á síðastliðnum tíu árum (sbr. Lilja Alfreðsdóttir 2018). Samdrátturinn er rakinn til örra samfélagsbreytinga á sama tímabili þar sem framboð efnis á netinu og tilkoma snjalltækja og annarra miðla hefur bitnað harkalega á hefðbundnum bóklestri. Til þess að stemma stigu við þessari þróun hefur annars vegar verið lagt til að bóksala sé talin til starfsemi sem er undanþegin virðisaukaskatti og hins vegar að auka stuðning við bókaútgefendur og rithöfunda með beinum hætti (sbr. *Skýrsla starfsbóps um bókmenningarstefnu* 2017).

Óskandi er að beinn stuðningur við þessa mikilvægu grein verði til þess að snúa þessari þróun við og skili sér fljótt í blómlegri bóksölu en verið hefur. Skapa þarf skilyrði fyrir lestur og sköpun á íslensku þar sem sérstaklega er hugað að barna- og unglingsbókmenntum. Íslenskur barnabókamarkaður er takmarkaður að stærð og því eru styrktarsjóðir til útgáfu og þýðinga nauðsynlegt skref í þá átt að tryggja ungum lesendum fjölbreytt úrval efnis við sitt hæfi. Innan bókmenningar rúmast einnig önnur svið sem tengjast upplýsingatækni, vefefni, hugbúnaði og tæknibúnaði þar sem hugað skal að hlutverki og mikilvægi þýðinga og að styrkir til þessa verði auknir. Miklu skiptir að vandað sé til þýðinga á öllum sviðum og virðing borin fyrir sérfræðipækkingu þýðenda.

Stórefla þarf bókakost og starfsmannahald á skólabókasöfnum eftir áralangan niðurskurð. Bent hefur verið á að skólasöfnin búa við afar þröngan kost og eru jafnvel á mörkum þess að vera starfhæf (sjá Dagnýju Kristjánsdóttur o.fl. 2018: 128 og tilv. þar). Misjafnt er hve greiðan aðgang börn hafa að bókum við hæfi heima hjá sér og á almenningsöfnum. Skólabókasöfn gegna því ekki aðeins mikilvægu hlutverki fyrir aðgang að fræðslu og þekkingu, bæði nemenda og kennara, heldur eru þau einnig vettvangur afþreyingar og miðlunar. Þau eru í senn upplýsingaveita og upplýsingamiðstöð.

Erlent efni sækir nú meira á en nokkru sinni, einkum afþreying á erlendum streymisveitum og tölvuleikir, en framleiðsla á afþreyingarefni á íslensku hefur einnig aukist á undanförunum árum. Tímabundinn stuðningur við kvikmyndagerð er talinn hafa gefist vel. Samhæft átak stjórnvalda og atvinnulífs eflir framleiðslu á íslensku sjónvarps- og útvarpsefni. Mikil gróska er í gerð hlaðvarpsþátta á íslensku og í þeim má finna fræðsluefni og umræður um fjölbreytt málefni. Margvíslegar þáttaraðir á íslensku eru í boði á hlaðvarpsveitum og þann miðil mætti nýta enn frekar til að fjalla um íslensku og byggja þannig frekar undir jákvæð viðhorf til hennar.

Þá má minna á að nýleg lög um fjárstuðning til einkarekinna fjölmiðla. Slíkur stuðningur er líka stuðningur við íslenska tungu því lestur fréttu á íslensku er liður í vexti og viðhaldi málsins. Einkareknir fjölmiðlar á Íslandi voru lengi þeir einu á Norðurlöndum sem ekki nutu opinbers fjárstuðnings og er íslenska þó sú norræna þjóðtunga sem fæstir tala.

Íslensk máltækni

Samfara örri tækniþróun hefur staða íslensku á sviði upplýsingatækni gjörbreyst á skömmum tíma. Tölvur og snjalltæki gegna æ mikilvægara hlutverki á flestum ef ekki öllum sviðum mannlegs lífs bæði í leik og í starfi, í samskiptum okkar við annað fólk og í vaxandi mæli einnig í samskiptum við tækjabúnað af margvíslegum toga. Þar sem áður fyrr dugði að snara tölvuviðmóti og helstu forritum á íslensku, sem var þegar krefjandi verkefni, hafa nú enn frekari áskoranir bæst við. Í vaxandi mæli er mannlegu máli beitt til þess að stýra tækjum, fletta upp einföldum upplýsingum eða fá svör við flóknari

spurningum sem beint er til snjalltækja sem nýta gervigreind til þess að miðla upplýsingum áfram til notandans.

Netið er orðið ein helsta leið okkar til að afla þekkingar, leita afþreyingar og eiga í samskiptum. Tækninýjungar á borð við snjalltæki juku aðgengi að netinu til muna og ná til verulegs hluta barna frá unga aldri (Steingerður Ólafsdóttir 2017, Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson 2018, Sigríður Sigurjónsdóttir o.fl. 2020). Nauðsynlegt er að fylgjast vel með þessari þróun. Bent hefur verið á, meðal annars í þeim ritum sem hér er vitnað til, að hún felur í sér stóráukna enskunotkun á viðkvæmu skeiði í máltöku barna. Á undanförunum árum hefur mikið verið fjallað um brothætta stöðu íslensku í stafrænum heimi og varað við því að þótt staða íslensku teljist enn vera sterk samkvæmt hefðbundnum mælikvörðum um lífvænleika tungumála taki slíkir mælikvarðar ófullnægjandi tillit til þessara gjörbreyttu aðstæðna (sbr. Drude o.fl. 2018).

Þó að enn sé margt á huldu um áhrif málsambýlis íslensku og ensku má búast við að stóraukin notkun ensku hafi veruleg áhrif á færni þeirra barna og ungmenna, sem nú alast upp, í íslensku samfélagi enda eru þau móttækilegri fyrir slíkum áhrifum en þau sem eru komin af máltökuskeiði. Aukið enskt máláreiti meðal íslenskra barna felur að líkindum jafnframt í sér að hlutur íslensku á máltökuskeiði barna minnki. Hættan sem í því er fólgin er sú að börn fari á mis við nauðsynlegt íslenskt máláreiti og heyri jafnvel of litla íslensku talaða til þess að það nægi þeim til að byggja upp sterkt íslenskt málkerfi og málkennd (sbr. Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson 2018).

Rannsóknir benda til að börn tileinki sér ensku í vaxandi mæli áður en formleg kennsla í skóla hefst (sbr. Ásrún Jóhannsdóttir 2018) og haldi áfram að tileinka sér hana í öðru umhverfi en hinu hefðbundna skólaumhverfi, einkum í gegnum rafræna miðla (sjá Sigríði Sigurjónsdóttur o.fl. 2020: 606–607 og tilv. þar). Eftir því sem gagnvirkni efnis af þessu tagi eykst má ætla að áhrif ensku á máltökuskeiði verði meiri. Börn horfa í auknum mæli á efni á erlendum efnisveitum sem er ekki íslenskað, auk þess sem tölvuleikir sem þau spila á netinu og í snjalltækjum sínum eru yfirleitt á ensku. Þar myndast því aukinn hvati til þess að læra ensku og leiða má líkur að því að þessi sterku tengsl ensku við leik og afþreyingu smitist yfir á önnur samskipti og verði til þess að þau fari í auknum mæli fram á ensku.

Aukin virk enskunotkun veldur því að enska er talin vera meiri ógn við íslensku nú en áður (Eiríkur Rögnvaldsson 2016, 2017, Sigríður Sigurjónsdóttir o.fl. 2020). Enskunotkun íslenskra málnotenda var áður að mestu óvirk, einkum bundin við lestur og hlustun. Nú

meira um tal og ritun þar sem fólk hefur bein samskipti á ensku. Þetta á almennt við um samskiptamiðla á netinu og í tölvuleikjum. Sérstaklega hafa verið nefndir gagnvirkir tölvuleikir þar sem börn og unglingar geta verið í beinum samskiptum við aðra spilara á ensku (Eiríkur Rögnvaldsson 2017).

Þá er í þessari umræðu bent á að tækniþróun á næstunni muni fela í sér enn frekari gagnvirkni þar sem tækjum af ýmsum toga verði stýrt með tali. Ef ekkert er að gert er ólíklegt að örmál eins og íslenska verði í boði við slíkar aðstæður. Svokallaðir stafrænir aðstoðarmenn eða stafrænar aðstoðarraddir, þjónusta í snjalltækjum og á netinu, sem gerir fólki kleift að tala við tæki af ýmsum toga og stýra þeim, eru einmitt nýleg dæmi um aukna gagnvirkni í notkun ensku hér á landi. Raddstýring er jafnframt í boði í fjölda nýrra bíla og heimilistækja á íslenskum markaði (sbr. Tinna Frímann Jökulsdóttir 2018, Iris Edda Nowenstein o.fl. 2018). Slíkur búnaður er notaður af vaxandi fjölda fólks og var þar til fyrir skömmu aðeins í boði á erlendum málum þótt vísir að íslenskum talgreini hafi um nokkurt skeið verið í boði í ýmsum snjalltækjum, einkum til þess að breyta mæltu máli í ritað mál.

Til þess að bregðast við þessum tæknibyltingum eru fjölmörg máltækniverkefni í þróun á vegum Almennaróms, sjálfseignarstofnunar sem vinnur samkvæmt samþykktum og að fullu fjármagnaðri máltækniáætlun (2018–2022) fyrir íslensku í stafrænum heimi. Innan Almennaróms er nú unnið að kjarnaverkefnum sem beinast að þróun talgreinis, talgervils, vélrænna þýðinga, sjálfvirkra leiðréttingartóla og málfanga sem nýtast í öðrum verkefnum og til rannsókna. Með nýlegri tilkomu stafrænu aðstoðarinnar Emblu frá Miðeind, sem er sérsniðin að íslensku umhverfi og þörfum íslenskra málnotenda, hefur verið tekið stórt skref og leiðin að íslenskri gervigreind og raddstýringu verið rudd að hluta.

Ef tölvur eiga að skilja talaða íslensku er mikilvægt að talgreinar séu byggðar á sem fjölbreyttustum gögnum. Því hefur staðið yfir átaksverkefni sem nefnist Samrómur og gengur út á að safna raddsýnum og greina þau. Bæði hefur verið sóst eftir raddsýnum frá fólki sem hefur íslensku að móðurmáli og þeim sem tala íslensku sem annað mál enda ríður á að allir geti nýtt sér þjónustu af þessu tagi. Einnig er í boði sjálfvirkur talgreinir, Tiro, sem er þjónusta á netinu á vegum samnefnds sprotafyrirtækis en það hlaut styrk úr Tæknipróunarsjóði. Óskandi er að gervigreindar- og máltækniþúnaður og þeir innviðir, sem slík tækni byggist á, muni nýtast til þess að hægt verði að bjóða enn víðar upp á íslensku í samskiptum við tölvur í nánustu framtíð.

Sýnileiki íslensks fræðsluefnis og hjálpartóla á netinu er annað mikilvægt atriði sem ber að nefna. Netíð er hafsjór af fróðleik og afþreyingu en stór hluti þess efnis er á öðrum málum en íslensku. Íslenskt málsamfélag er ákaflega lítið og því kemur þetta ekki mjög á óvart. Þó má færa rök fyrir því að hlutur íslensku á netinu gæti verið meiri en raun ber vitni (sbr. einnig ályktanir Íslenskrar málnefndar 2016 og 2019). Eins og Íslensk málnefnd hefur lagt áherslu á þarf að koma vönduðu fræðsluefni á netíð og slíkt efni sem er í boði ætti að vera aðgengilegt öllum notendum á einfaldan hátt. Nú er raunin sú að stundum er jafnvel auðveldara að fræðast um ýmis málefni sem varða Ísland á öðrum málum en íslensku. Þetta hefur meðal annars þann ókost að málnotendur eiga erfiðara en ella með að tileinka sér og skilja sérhæfðan orðaforða og svo getur farið að sumir eigi jafnvel auðveldara með að tala og rita um margvísleg málefni á erlendum málum. Vísindavefurinn er dæmi um aðgengilegt safn hagnýtra upplýsinga um margvísleg efni á íslensku og full þörf er á fleiri slíkum.

Í þingsályktun um að efla íslensku sem opinbert mál frá 2019 (nr. 36/149) er sérstaklega kveðið á um opið aðgengi að upplýsingaveitum um íslensku og er þar vísað til orðabóka, auk orða- og málfarssafna. *Málið.is*, sem Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum heldur úti, veitir almenningi nú þegar aðgang að fjölda gagnasafna: Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls, Íslenskri stafsetningarorðabók, Íslenskri nútímamálsorðabók, Íslensku orðaneti, Málfarsbankanum, Íðorðabankanum og Íslenskri orðsifjabók. Íslensk málnefnd telur mikilvægt að enn fleiri tegundir gagnasafna verði gerðar aðgengilegar notendum að kostnaðarlausu. Þar verði meðal annars hægt að finna upplýsingar um íslensk orð allt frá landnámi til nútímans, samheitaorðabækur, tvímála orðabækur, alfræðirit um málið og jafnvel íslenska alfræði sem mætti tengja við opnar alfræðiorðabækur eins og Wikipediu.

Í gátt af þessu tagi væri hægt að gera fróðleik sem fræðimenn hafa safnað aðgengilegan, þar með talið eldri orðabækur, handbækur og önnur hjálpartæki sem leiðbeina um málnotkun, stíl, orðaval o.s.frv. Slíkar upplýsingar ættu að vera öllum aðgengilegar án takmarkana en jafnframt þarf að halda gögnunum við og uppfæra þau. Í þessu sambandi þarf að reyna að nýta efnivið sem fyrir er og gera hann aðgengilegan með samningum við rétthafa slíks efnis eftir því sem við á. Ágætt dæmi um þetta er viðamikið rit um íslensku, *Alfræði íslenskrar tungu*, sem kom út í upphafi aldarinnar á margmiðlunardiski en hefur nú verið gert aðgengilegt á netinu.

Öflug máltækni er mikilvæg fyrir framtíð íslenskrar tungu. Íslensk stjórnvöld hafa tekið vel við sér og komið á máltækniáætlun. Eigi íslenska áfram að vera opinbert mál landsmanna þarf nauðsynlega að fylgja eftir þróun í máltækni. Slíkt verkefni má ekki vera átak til skamms tíma heldur þarf það að vera til langframa og í takt við hraða tækniþróun sem gerir talgreiningu sífellt fullkomnari.

Í íslenskri málstefnu hafa verið lagðar til einstakar aðgerðir sem snúa að notkun íslensks viðmóts tölvukerfa. Þær fela í sér að allur almennur notendahugbúnaður sé á íslensku innan skólakerfisins, allt frá leikskólum til háskóla, og hið sama gildir um Stjórnarráð Íslands og allar opinberar stofnanir. Í skólum þarf aðgengi að íslenskum hugbúnaðarþýðingum að vera tryggt því ekki er nóg að slíkar þýðingar séu til. Viðmót kerfanna þarf sjálfgefið að vera á íslensku svo ekki séu hindranir sem draga úr eða koma í veg fyrir notkun íslensks notendaviðmóts.

Hér er einnig rík ástæða til að minna á mikilvægi starfandi orðanefnda á fjölbreyttum sviðum. Íðorðasöfn gagnast ekki aðeins þýðendum heldur einnig notendum og stuðla enn fremur að auknu samræmi í orðanotkun. Nauðsynlegt er fyrir framtíð íslensku að unnið sé markvisst að því takmarki að íslenska sé ekki aðeins nothæf heldur að hún sé áfram notuð á öllum sviðum. Þegar í hlut á örtunga eins og íslenska er augljóst að það er að langmestu leyti undir okkur sjálfum komið hvort þetta markmið næst.

Íslenska í stjórnsýslu, opinberri þjónustu og atvinnulífi

Íslenska er þjóðtunga Íslendinga, opinbert mál á Íslandi og það mál sem nota á í opinberri stjórnsýslu og þjónustu. Þetta á við um Alþingi og Stjórnarráð Íslands, stofnanir og fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga og hálfopinber fyrirtæki. Heilbrigðiskerfi og velferðarkerfi falla þar undir. Tryggja þarf að tungutak sé skýrt og aðgengilegt og þjónustan löguð að þeim sem hana þiggja.

Stjórnarráð Íslands hefur sett sér málstefnu í samræmi við lög um Stjórnarráðið (nr. 115/2011) sem er ætlað að tryggja stöðu íslensku innan stjórnsýslunnar þannig að íslenskir ríkisborgarar hafi aðgang að efni frá stjórnvöldum og helstu gögnum um meiri háttar ákvarðanir stjórnvalda á íslensku. Það á jafnframt við um samninga sem íslensk stjórnvöld gera við önnur ríki sem og ræður og greinar fulltrúa Íslands á erlendum málum. Mikilvægt

er að hvergi verði hvikað frá þeirri stefnu að þýða erlendar tilskipanir, reglugerðir, ákvarðanir eða tilmæli sem varða íslenska ríkisborgara.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið skal fylgjast með því að lögum um stöðu íslensku og íslensks táknmáls sé framfylgt. Ráðuneytið hefur heimild til að krefja einstakar stjórnslustofnanir um skýrslur þar að lútandi. Íslensk málnefnd (2018) hefur bent á að ráðuneytið þurfi að taka þetta verkefni fastari tökum.

Í Stjórnarráði Íslands starfar þýðingamiðstöð á vegum utanríkisráðuneytisins sem hefur yfir að ráða þjálfuðum þýðendum. Í samráði við aðrar opinberar stofnanir er þar markvisst unnið að íðorða- og nýyrðastarfi sem stuðlar að eflingu íslensks fræðiorðaforða. Þýðingamiðstöðin gegnir því tvíþætta hlutverki að uppfylla skyldu stjórnvalda um að lagatextum sé komið til skila á vönduðu og skiljanlegu máli og að sá fræðiorðaforði sem þar skapast sé öllum aðgengilegur (sbr. Íðorðabanka Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Hugtakasafn þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins, <http://hugtakasafn.utn.stjr.is/>).

Stóraukið alþjóðasamstarf hefur ýtt verulega undir þörf fyrir þýðingar, túlkun og miðlun af ýmsum toga. Mikilvægt er að svara þeirri þörf svo að Íslendingar hafi óheft aðgengi á íslensku að upplýsingum sem þá varða, svo sem lögum, reglugerðum, viðskiptasamningum og öðrum samþykktum, tæknilegum stöðlum, alþjóðlegum viðmiðunarreglum og notkunarleiðbeiningum. Vaxandi þörf fyrir hvers konar þýðingar kallar á að áfram verði boðið upp á öflugt nám í þýðingafræði, nytjaþýðingum og samfélagstúlkun og einnig löggildingarpróf fyrir skjalaþýðendur og dómtúlka.

Íslenska þarf að vera gjaldgeng hjá alþjóðastofnunum og jafnframt er sjálfsögð krafa að íslenska sé í boði á alþjóðaráðstefnum þar sem túlkað er milli þjóðtungna. Íslendingar verða að eiga kost á að miðla efni af íslensku til annarra þjóða en nauðsynlegar undirstöður og skilyrði til íslenskrar efnismiðlunar á alþjóðavettvangi hafa á undanförunum árum verið ófullnægjandi. Mikilvægt er að Íslendingar sitji við sama borð og aðrar þjóðir. Til þess þarf nauðsynlega að endurvekja nám í ráðstefnutúlkun. Í þessu sambandi er rétt að minna á að samkvæmt lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls (nr. 61/2011) er íslenska opinbert mál Íslands á alþjóðavettvangi.

Miklu máli skiptir að efla jákvætt viðhorf til íslensku í atvinnulífinu. Á almennum markaði er oft talið henta betur að nota ensku en íslensku. Það á við um viðskipti innanlands sem

utan, ferðapjónustu, bankastarfsemi og fleira. Æskilegt er að viðhorf atvinnulífsins sé alltaf á þann veg að það sé fengur í að bjóða viðskipti og þjónustu á íslensku en hafa ensku samhliða eftir því sem þörf krefur.

Íslensk málnefnd leggur áherslu á að íslenska sé helsta samskiptamálið í íslensku atvinnulífi. Til að tryggja það skal samkvæmt 2. grein þingsályktunarinnar frá 2019 (nr. 36/149) setja viðmið um notkun íslensku, íslensks táknmáls og annarra mála í upplýsinga- og kynningarefni. Markmið Íslenskrar málnefndar fela í sér skýrari forgangsriðun fyrir íslensku þar sem starfsfólk og viðskiptavinir skuli gera ráð fyrir að samskipti séu á íslensku. Þetta táknar að íslenska sé alltaf sjálfgefið samskiptamál nema sérstakar aðstæður krefjist annars. Skilningur er því á að í alþjóðlegum samskiptum geti verið þörf á að nota ensku eða önnur tungumál.

Með aukinni alþjóðavæðingu fjölgar þeim sem eru að fóta sig í fyrsta sinn í íslensku málumhverfi, oft fólk sem á fullorðinsaldri kemur til starfa á Íslandi. Því er mikilvægt að almennt sé viðurkennt að íslenskt samfélag sé fjölmenningsarsamfélag þar sem fólki, sem kemur til landsins til að vinna og er að læra og þjálfra íslenskt mál, sé vel tekið. Hvatning til þess að viðkomandi nái fljótt sem bestum tókum á málinu ætti að vera öllum keppikefli og eins að þeim sem eru að læra málið sé mætt af skilningi.

Þótt mörg fyrirtæki starfi í alþjóðlegu umhverfi ætti íslenska að vera sjálfgefið tungumál. Ársskýrslur fyrirtækja ættu ævinlega að vera til á íslensku þó að sjálfsagt sé að útbúa jafnframt útgáfu á öðrum tungumálum ef þurfa þykir. Vefsíður og efni á samfélagsmiðlum ættu enn fremur að vera á íslensku. Önnur mál eru sjálfsgöð samhliða henni þar sem þurfa þykir. Einnig ætti að vera metnaðarmál að hafa heiti fyrirtækja íslensk. Mörg fyrirtæki bera íslensk nöfn án vandkvæða og starfa jafnvel á alþjóðlegum markaði. Má þar nefna Fossa, Össur og Marel. Önnur fyrirtæki bera íslensk og ensk nöfn jafnhliða sem jafnframt er hægt að skrá sem aukheiti í fyrirtækjaskrá, sbr. Íslensk erfðagreining (deCODE genetics) og Ferðapjónusta bænda (Icelandic Farm Holidays) sem einnig notar heitið Hey Ísland (Hey Iceland), svo dæmi séu tekin.

Markmið Íslenskrar málnefndar fela í sér að hlutverk stjórnvalda sé að sjá til þess að unnt sé að nota íslensku á öllum sviðum þjóðlífsins. Mikilvægt er að vaxandi fjöldi þeirra sem ekki hafa íslensku að móðurmáli verði ekki til þess að erlend mál séu notuð að staðaldri á ákveðnum sviðum atvinnulífsins. Jafnframt þarf að stuðla að því að tungumálið verði þessum stækkandi hóp ekki fyrirstaða í daglegu lífi. Fólk sem er búsett

hér á landi skal því eiga þess kost að læra og nota íslensku til almennrar þátttöku í samfélaginu. Eðlilegt samræmi ætti að vera í því sem aðfluttum býðst í þessum efnum en ekki undir hverjum atvinnurekanda komið.

Frá almennu samfélagslegu sjónarmiði gegnir íslenska veigamiklu hlutverki. Hún er samofin helstu meginstoðum samfélagsins og tengist meðal annars tjáningu, túlkun og sjálfsmynd órjúfanlegum böndum. Hún er jafnframt mál sem tengir saman kynslóðir þvert á félagslega hópa og veitir greiðasta aðgengi að upplýsingum og umræðu sem varða almannaheill. Það er því hluti af samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja að hlúa að íslensku, rétt eins og umhverfismál, jafnréttismál og önnur málefni sem varða þjóðarhag. Samfélagsleg ábyrgð á sviði atvinnulífsins er á ábyrgð yfirstjórnar fyrirtækja og þar af leiðandi er eðlilegt að koma málefninu að við stjórnendur.

Annað veigamikið atriði fyrir stöðu íslensku innan atvinnulífsins er að allt nauðsynlegt þýðingastarf gangi greiðlega og leitast sé við að gæta innbyrðis samræmis. Nýsköpun í orðaforða er hröð samfara örum tæknibreytingum og þetta kallar á aukið samstarf og skipulag í verkferlum þannig að þýðendur geti auðveldlega haft samráð. Opna þarf samráðsgátt um þýðingar er varða atvinnulífið. Slíkur samráðsvettvangur hins opinbera og atvinnulífsins er nauðsynlegur til að hægt sé að halda áfram samskiptum um hlut íslensku í atvinnulífinu.

Í *Íslensku til alls* (bls. 51–52) var vikið að margvíslegum teiknum á lofti um að staða íslensku væri að veikjast innan atvinnulífsins sem á fáum árum væri orðið mun alþjóðlegra en verið hefði. Þá var talin rík ástæða til að spyrna við fæti svo íslenska missti ekki svið eða umdæmi yfir til ensku og annarra erlendra mála. Á undanförunum árum hafa áhrif þessa verið skýrust í tengslum við mikla uppbyggingu í ferðaþjónustu og aukna aðsókn erlendra ferðamanna. Til að bregðast við þessari þróun og rétta hlut íslensku er ekki rétt að feta veg boða og banna. Finna þarf jákvæðar leiðir til úrbóta og hvetja fyrirtæki og styðja eftir föngum til þess að fylgja málstefnu sem tryggir stöðu íslensku á öllum sviðum atvinnulífsins.

Mikilvægt er að íslenska dafni í atvinnulífinu og hverfi ekki úr ýmsum greinum þess. Staða hennar má ekki vera einkamál yfirvalda eða hagsmunaaðila heldur víðtækt samstarfsverkefni þar sem hið opinbera, fyrirtæki og hagsmunasamtök hjálpast að.

Lokaorð

Íslensk málstefna er nú sett fram með hnitmiðuðum hætti í níu liðum. Hverjum þessara liða fylgir greinargerð með frekari útlistun og rökstuðningi við málstefnuna. Stefnan felur í sér að unnið verði markvisst að því að efla íslensku með jákvæð viðhorf til málsins að leiðarljósi. Sjaldan hefur verið jafnáriðandi að unnið sé að því á kerfisbundinn hátt að skapa aðstæður til þess að íslensk tunga sé sýnileg og notuð á öllum sviðum. Með því móti fá þær kynslóðir, sem nú eru að alast upp, áfram fullnægjandi málörvun og hafa aðgang að efni á íslensku við sitt hæfi sem höfðar til þeirra og stenst þær kröfur sem gera má til fræðslu- og afþreyingarefnis. Í nútímanum er þetta sífelld og vaxandi áskorun. Þessi sýn felur jafnframt í sér að íslenska verði áfram til alls og að hún geti verið alls konar.

Fyrir um 150 árum ritaði Halldór Kr. Friðriksson, kennari við Lærða skólann í Reykjavík, að Íslendingar hefðu viðhaldið tungu sinni bæði með ritmenningu og tali en jafnframt að það væri óhugsandi að málið hefði breyst svo lítið sem raun ber vitni „ef sjerstök atvik hefðu eigi stutt að því“ (Halldór Kr. Friðriksson 1871: 105). Þau sérstöku atvik tengjast legu landsins og einangrun, að við búum „á afskekktu eyju, langt frá öðrum mönnum, og höfum haft svo lítil viðskipti og samgöngur við aðrar þjóðir“. Halldór var enn fremur þeirrar skoðunar að ef Íslendingar hefðu búið eins nærri öðrum þjóðum og umgengist þær jafnmikið og hinar Norðurlandþjóðirnar gerðu hefði íslenska að öllum líkindum breyst á svipaðan hátt og danska, norska og sænska.

Þó að lega landsins sé vitaskuld óbreytt eru aðstæður nú verulega frábrugðnar, eins og víða hefur verið vikið að hér á undan, með stórauðnum samgangi þjóða, bæði beinum og stafrænum, vaxandi fjölda innflytjenda og víðtækum erlendum áhrifum nánast hvert sem lítið er. Rannsóknir sýna að þessi áhrif ná til yngstu kynslóðarinnar á viðkvæmasta mótunarskeiði hennar. Fræðimenn hafa varað við að verði ekkert að gert til þess að tryggja stöðu íslensku kunni fljótt að halla undan fæti. Þó að í grunninn sé aukin alþjóðavæðing og tæknibylting undanfarinna ára jákvæð þróun, sem býður upp á fjölda nýrra tækifæra, þarf að kappkosta að hún sé ekki á kostnað íslensku.

Til þess að bregðast við örum tækni- og samfélagsbreytingum, ásamt öðrum nýjungum sem eru handan við hornið á sviði gervigreindar og máltækni, þarf að búa þannig um hnútana að íslenska verði áfram nothæf á öllum sviðum. Máltækniáætlun (2018–2022) er mikilvægt skref í þessu tilliti og mun styrkja stöðu íslensku í stafrænum heimi til muna.

Við njótum nú þegar afraksturs frumvinnu við að byggja upp málföng og innviði sem munu nýtast í máltækniverkefnum og öðru nýsköpunarstarfi á komandi misserum. Sú vinna hefur skilað sér í mikilvægum gagnasöfnum og tólum sem færa okkur nær því marki að gera tölvum kleift að skilja og vinna með íslensku í öllum sínum fjölbreytileika.

Leiðin fram á við er fólgin í elju, staðfestu en þó umfram allt jákvæðni í garð íslensku. Þessi meginstef eru undirstaðan í vitundarvakningu mennta- og menningarmálaráðherra um mikilvægi íslensku undir yfirskriftinni *Áfram íslenska!* Vinna þarf markvisst að því að snúa við blaðinu í málfarslegum efnum og hvetja til jákvæðrar umfjöllunar um íslenskt mál og málnotkun á öllum sviðum samfélagsins. Skólakerfið gegnir veigamiklu hlutverki sem boðberi nýrra áherslna til komandi kynslóða. Á sama tíma og áriðandi er að íslenska sé áfram notuð hvar sem við verður komið verður einnig að hverfa alfarið af þeirri braut að telja fólki trú um að mál þess sé á einhvern hátt síðra en annarra. Þetta er ekki síst aðkallandi þar sem í hlut eiga börn og ungmenni á viðkvæmu mótunarskeiði þar sem skiptir sköpum stuðla að jákvæðu viðhorfi til íslensku. Í neikvæðri málumfjöllun býr mikill eyðileggingarmáttur sem málið má alls ekki við.

Ef íslenska á að standast kröfur nútímans þurfa stjórnsýsla, menntakerfi og atvinnulíf að taka höndum saman og búa henni og íslenskum málnotendum lífvænlegt umhverfi. Þetta verkefni verður sífellt meira krefjandi eftir því sem hlutur annarra alþjóðatungumála, einkum ensku, fer vaxandi og aðgengi að óþýddu efni verður greiðara eins og raunin hefur verið undanfarin ár og áratugi. Til þess að bregðast við þarf að stórauka hlut íslensks og íslenskaðs efnis á netinu svo það sé jafnaðgengilegt íslenskum málnotendum og efni á öðrum málum. Átak þarf að gera í að koma efni sem til er á íslensku á netið samhliða nýju og sjá til þess að hjálpartæki og fræðsluefni á borð við orðabækur, handbækur um málnotkun og alfræðirit af ýmsum toga séu bæði auðfínanleg og eftir föngum uppfærð í samræmi við nýjar kröfur og vaxandi þekkingu á viðfangsefnunum. Þá þarf að vinna að því að bæta aðgengi að alfræðilegu og menningarlegu efni sem þegar er til.

Endurskoða þarf og skilgreina nákvæmar hugtakið læsi innan menntakerfisins og stórauka vægi ritunar. Upprennandi kynslóðum þarf að tryggja fjölbreytt málumhverfi með ríkulegri þjálfun í málnotkun og þekkingu og beitingu á mismunandi málsniðum. Málsnið og ólík málviðmið, sem þeim kunna að fylgja, þarf að kynna og kenna á þeim forsendum að þótt venjur gildi um meðferð málsins háð samhengi og sniði þá séu slík málviðmið ekki kvöð á þann hátt að þeim sé gert að koma í stað þess máls sem fóki kann

að vera eðlilegt eða séu sjálfkrafa rétt hærra en það. Enda þótt málviðmið séu almennt íhaldssöm í eðli sínu eru þau breytingum undirorpin og verða að vera það. Þá þurfa kennarar jafnframt að vera í stakk búnir að kenna æ fjölbreyttari hóp nemenda og þekkja til að mynda vel þarfir þeirra sem hafa annað móðurmál en íslensku. Þar er ekki síður þörf á að viðmótið sé jákvætt ef okkur er nokkur alvara með því að íslenska lifi og dafni í framtíðinni.

Ekkert er sjálfgefið í þessum efnum og hve vel tekst til er að mestu leyti undir okkur sjálfum komið.

Ritaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla. 2019. Almennur hluti 2011, greinasvið 2013. Mennta- og menningarmálaráðuneyti. 3. útg. með breytingum 2016, ágúst 2019. Sótt 4. nóvember 2020 af https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Adalsnamskra-grunnskola-3.-utg.-2016_2019_master_16082019.pdf

Aðalnámskrá leikskóla. 2012. Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Sótt 4. nóvember 2020 af http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/5D813E44D597F28E002579CE003E683B/Attachment/adalskr_leisk_2012.pdf

Alfræði íslenskrar tungu. 2017. Málsgreinar. Stofnun Árna Magnússonar. [Upphafleg útgáfa: *Alfræði íslenskrar tungu. Íslenskt margmiðlunarefni fyrir heimili og skóla*. 2001. Þórunn Blöndal og Heimir Pálsson (ritstj.). Námsgagnastofnun. Reykjavík.] Aðgengilegt á <http://ait.arnastofnun.is/>

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir. 2011. *Skýrsla um málumbverfi og lestrarnám barna í tíu leikskólum*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sótt af <https://rafhladan.is/handle/10802/2533>

Anna Björk Nikulásdóttir, Jón Guðnason og Steinþór Steingrímsson. 2017. *Máltaekni fyrir íslensku 2018–2022. Verkeiðun*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

- Ari Páll Kristinsson. 2007. Málræktarfræði. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 29: 99–124.
- Ari Páll Kristinsson. 2017. *Málheimar. Sitt hvað um málstefnu og málnotkun*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Ari Páll Kristinsson. 2019. Um greiningu á málstöðlun og málstefnu: Haugen, Ammon og Spolsky í íslensku samhengi. *Orð og tunga* 21: 129–151.
- Ari Páll Kristinsson og Haraldur Bernharðsson. 2014. Íslenska og enska í íslensku háskólastarfi. *Orð og tunga* 16: 93–122.
- Auður Pálsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir. 2019. Greining á orðanotkun í lesskilnings- og náttúruvísindahlutum PISA 2018: Samanburður á íslensku þýðingunni og enska textanum. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <https://ojs.hi.is/netla/article/view/3103/1838>
- Ásgrímur Angantýsson, Finnur Friðriksson og Sigurður Konráðsson. 2018. Málfræði og málfræðikennsla. Í: *Íslenska í grunnskólum og frambaldsskólum*, bls. 135–173. Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrímur Angantýsson. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Ásrún Jóhannsdóttir. 2018. English Exposure and Vocabulary Proficiency at the Onset of English Instruction. Í: *Language Development across the Life Span*, bls. 57–78. Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir (ritstj.). Springer, Cham.
- Baldur Sigurðsson. 2011. Ritver og bókasafn – ást við fyrstu sýn? *Bókasafnið* 35: 4–8.
- Birna Arnbjörnsdóttir. 2007. Samfélag málnotenda: Íslendingar, innflytjendur og íslenskan. *Ritið* 1/2007: 63–81.
- Birna Arnbjörnsdóttir. 2018. English Exposure, Proficiency and Use in Iceland. Í: *Language Development across the Life Span. The Impact of English on Education and Work in Iceland*, bls. 35–55. Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir (ritstj.). Cham: Springer.
- Brynhildur Þórarinsdóttir og Kristján Jóhann Jónsson. 2018. Lestur og læsi. Í: *Íslenska í grunnskólum og frambaldsskólum*, bls. 41–82. Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrímur Angantýsson. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Carlson, Deidre. 2014. A primary teacher's linguistic journey. Í: *Linguistics at School: Language Awareness in Primary and Secondary Education*, bls. 244–250. Kristin Denham og Anne Lobeck (ritstj.). Cambridge University Press, Cambridge.

- Dagný Kristjánsdóttir, Jón Yngvi Jóhannsson, Brynhildur Þórarinsdóttir og Kristján Jóhann Jónsson. 2018. Bókmenntir og bókmenntakennsla. Í: *Íslenska í grunnskólum og frambaldsskólum*, bls. 83–134. Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrímur Angantýsson. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Drude, Sebastian, Anton Karl Ingason, Ari Páll Kristinsson, Birna Arnbjörnsdóttir, Einar Freyr Sigurðsson, Eiríkur Rögnvaldsson, Iris Edda Nowenstein og Sigríður Sigurjónsdóttir. 2018. Digital resources and language use: Expanding the EGIDS scale for language development into the digital domains. Í: *Communities in Control: Learning tools and strategies for multilingual endangered language communities. Proceedings of the 21st FEL Conference 19–21 October 2017*, bls. 98–106. Nicholas Ostler, Vera Ferreira og Chris Moseley (ritstj.). Foundation for Endangered Languages, Hungerford.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2016. Um utanaðkomandi aðstaður íslenskrar málpróunar. *Skírnir* 190 (vor): 17–31.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2017. Vandalaust mál? *Skíma* 40: 13–17.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2019. Íslenskur málstaðall. Sótt 14. ágúst 2021 af <https://uni.hi.is/eirikur/2019/08/26/islenskur-malstadall/>
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2020a. Íslensk málrækt. Sótt 4. desember 2020 af <https://notendur.hi.is/eirikur/malraekt.pdf>
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2020b. PISA - gagnrýni og úrbætur. [Erindi flutt á fundinum Lykillinn að heiminum: Menntun skapar tækifæri, 16. janúar 2020.] Sótt af <https://uni.hi.is/eirikur/2020/01/16/pisa-2020/>
- Elin Thordardóttir. 2011. The relationship between bilingual exposure and vocabulary development. *International Journal of Bilingualism* 14.5: 426–445.
- Elin Thordardóttir. 2019. Amount trumps timing in bilingual vocabulary acquisition: Effects of input in simultaneous and sequential school-age bilinguals. *International Journal of Bilingualism* 23.1: 236–255.
- Erla Lind Þórisdóttir. 2017. *Orðapröskuldur íslenskra grunnskólanemenda á miðstigi: Hlutfall þekkra orða í náttúrufræðitexta og lesskilningur*. Óútgefin meistaraþrófsritgerð. Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt af: <http://hdl.handle.net/1946/28485>
- Freyja Birgisdóttir. 2018. Þróun læsis frá fjögura til átta ára aldurs. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/12361>

- Gee, James Paul. 2004. *Situated Language and Learning: A Critique of Traditional Schooling*. London/New York: Routledge.
- Gee, James Paul. 2015. *Social Linguistics and Literacies: Ideology in Discourses*. London/New York: Routledge. [5. útgáfa.]
- Guðrún Kvaran. 2004. Tungan og hnattvæðingin. *Málfregnir* 14: 40–42.
- Guðrún Kvaran 2005. Hvar stöndum við hvert stefnum við? *Málfregnir* 15: 3–7.
- Guðrún Kvaran. 2015. The use of foreign languages at Icelandic universities. Í: *Language Use in University Teaching and Research: Contributions to the Annual Conference 2014 of EFNIL in Florence*, bls. 137–143. Gerhard Stickel og Cecilia Robustelli (ritstj.). Duisburger Arbeiten zur Sprach- und Kulturwissenschaft 109. Peter Lang, Frankfurt am Main.
- Guðrún Sesselja Sigurðardóttir. 2017. „En svona í grunninn held ég bara að þetta máluppeldi og lesturinn skipti mestu máli“: Íslenskukennsla og mat á málfari nemenda í framhaldsskólum. Óútgefin meistaraþrófsritgerð, Háskóli Íslands. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/29183>
- Hagstofa Íslands. 2019a. „Kennurum án kennsluréttinda fjölgar í grunnskólum“. 10. apríl 2019. Sótt 4. desember 2020 af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/nemendur-og-starfsfolk-i-grunnskolum-2018/>
- Hagstofa Íslands. 2019b. „Mun færri innflytjendur útskrifast af framhaldsskólastigi“. 04. apríl 2019. Sótt 13. nóvember 2020 af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/utskrifadir-nemendur-ur-framhaldsskolum-og-haskolum-2016-2017/>
- Hagstofa Íslands. 2020. „Innflytjendur 15,2% íbúa landsins“. Sótt 4. desember 2020 af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfoldi/mannfoldi-ef-tir-bakgrunni-2020>
- Halldór Kr. Friðriksson. 1871. Nokkrar athugasgreinir um íslenzku: verba valent usu. *Þjóðólfur* (viðaukabláð) 23: 105–111.
- Hanna Óladóttir. 2010. Breytileiki í máli sem hluti af máluppeldi grunnskólanema: Námskrár, kennslubækur og veruleikinn í kennslustofunni. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Sótt af <https://netla.hi.is/serrit/2010/menntakvika2010/011.pdf>
- Hanna Óladóttir. 2017. *Skólamálfraði: Hver er hún og hver ætti hún að vera? Um markmið og ábrif málfraðikennslu á unglingsstigi grunnskólans*. Doktorsritgerð, Háskóli Íslands. Sótt af <https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/393>

- Hrafnhildur Ragnarsdóttir. 2015. Málþroski leikskólabarna: Þróun orðaforða, málfræði og hlustunarskilnings milli fjöggra og fimm ára aldurs. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/007.pdf>
- Hugtakasafn þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins*. Sótt af http://hugtakasafn.utn.stjr.is/Hvitbók_um_umbætur_í_menntun. 2014. Mennta- og menningarráðuneyti. Sótt 5. nóvember 2020 af https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf
- Íðordabankinn*. Sótt af: <https://idord.arnastofnun.is>
- Iris Edda Nowenstein, Dagbjört Guðmundsdóttir og Sigríður Sigurjónsdóttir. 2018. Að tileinka sér móðurmál í tæknivæddum heimi. *Skíma* 41.1: 17–21.
- Íslenska til alls*. 2008. Tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu. Rit 38. Menntamálaráðuneyti, Reykjavík.
- Íslensk málnefnd. 2009. Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2009. 11. nóvember 2009. Sótt af https://islenskan.is/images/Alyktanir-pdf/Alyktun_2009.pdf
- Íslensk málnefnd. 2013. Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2013. 14. nóvember 2013. Sótt af <https://islenskan.is/images/alyktun-IM-2013.pdf>
- Íslensk málnefnd. 2014. Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2014. 12. nóvember 2014. Sótt af https://islenskan.is/images/Alyktanir-pdf/Alyktun_2014-11-12.pdf
- Íslensk málnefnd. 2016. Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2016. 14. nóvember 2016. Sótt af <https://islenskan.is/images/Alyktanir-pdf/alyktun-IM-2016.pdf>
- Íslensk málnefnd. 2017. Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2017. 15. nóvember 2017. Sótt af <https://islenskan.is/images/Alyktanir-pdf/alyktun-IM-2017.pdf>
- Íslensk málnefnd. 2018. Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2018. 15. nóvember 2018. Sótt af <https://islenskan.is/images/Alyktanir-pdf/Alyktun-IM-2018.pdf>
- Íslensk málnefnd. 2019. Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2019. 26. september 2019. Sótt af <https://islenskan.is/images/Alyktanir-pdf/Alyktun-IM-2019.pdf>
- Íslensk málnefnd. 2020. Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2020. 26. september 2020. Sótt af <https://islenskan.is/images/Alyktanir-pdf/alyktun2020.pdf>
- Kennsluskra Háskóla Íslands 2020–2021. Sótt af <https://ugla.hi.is/kennsluskra/>
- Kristján Árnason. 2001. Málstefna 21. aldar. *Málfrægnir* 20: 3–9.

- Kristján Árnason. 2004. „Á vora tungu“: Íslenskt mál og erlend hugsun. *Skírnir* 178 (haust): 375–404.
- Kristján Jóhann Jónsson, Dagný Kristjánsdóttir og Ásgrímur Angantýsson. 2018. Námsgreinin íslenska, viðhorf og viðfangsefni. Í: *Íslenska í grunnskólum og frambaldsskólum*, bls. 213–240. Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrímur Angantýsson. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Kristján Jóhann Jónsson og Finnur Friðriksson. 2018. Ritun og stafsetning. Í: *Íslenska í grunnskólum og frambaldsskólum*, bls. 175–199. Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrímur Angantýsson. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Lilja Alfreðsdóttir. 2018. Stuðningur við útgáfu bóka á íslensku, 1. umræða. 149. löggjafarþing — 20. fundur (16. október 2018). Sótt af <https://www.althingi.is/skodalid.php?lthing=149&lidur=lid20181016T164119>
- Lög um fjölmiðla. 2011. Lagasafn. Íslensk lög 1. október 2020. Útgáfa 150c. Lög nr. 38/2011. Sótt af <https://www.althingi.is/lagas/150c/2011038.html>
- Lög um stuðning við útgáfu bóka á íslensku. 2018. Lagasafn. Íslensk lög 1. október 2020. Útgáfa 150c. Lög nr. 130/2018. <https://www.althingi.is/lagas/150c/2018130.html>
- Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákna. 2011. Lagasafn. Íslensk lög 13. apríl 2021. Útgáfa 151b. Lög nr. 61/2011. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011061.html>
- Málið.is. 2020. Ari Páll Kristinsson, Halldóra Jónsdóttir og Steinþór Steingrímsson (ritstj.). Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <https://malið.is/>
- Málstefna Háskóla Íslands. Sótt 8. mars 2021 af https://www.hi.is/haskolinn/malstefna_haskola_islands
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. 2016. „Hæfniramma um íslenska menntun“. 12. október 2016. Sótt 19. desember 2020 á <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettatengt2016/Haefnirammi-um-islenska-menntun.pdf>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. 2020. *Drög að stefnu: Menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn*. Maí 2020. Stjórnarráð Íslands, Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/05/27/Drog-kynnt-ad-heildstaedri-stefnu-um-menntun-nemenda-med-annad-modurmal-en-islensku/>

- Menntamálastofnun. 2019. *PISA 2018: Helstu niðurstöður á Íslandi*. Menntamálastofnun, Kópavogi. Sótt 5. nóvember 2020 af https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa_2018_helstu_island.pdf
- Ólöf Björk Sigurðardóttir og Sigríður Sigurjónsdóttir. 2020. Viðhorf íslenskra barna til íslensku og ensku: Hvað segja þau um íslensku og enskukennslu í grunnskólum? *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóli Íslands. Sótt af https://netla.hi.is/serrit/2020/menntavika_2020/03.pdf
- Sigríður Ólafsdóttir og Baldur Sigurðsson. 2017. Hnignandi frammistaða íslenskra nemenda í lesskilningshluta PISA frá 2000 til 2015: Leiðir til að snúa þróuninni við. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóli Íslands. Sótt af <https://netla.hi.is/greinar/2017/ryn/16.pdf>
- Sigríður Sigurjónsdóttir. 2016. Snjalltækjavæðingin og máltaka íslenskra barna. 18. ágúst, 2016. *Hugrás – vefrit Hugvísindasviðs Háskóla Íslands*. Sótt 3. desember 2020 af <http://hugras.is/2016/08/snjalltaekjavaedingin-og-maltaka-islenskra-barna/>
- Sigríður Sigurjónsdóttir. 2017 [2001]. Máltaka barna. Í: *Málsgreinar*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Sótt af <http://ait.arnastofnun.is/grein.php?id=302>
- Sigríður Sigurjónsdóttir. 2019. Ljáðu mér eyra. Framtíð íslenskunnar og málumhverfi barna. Í: *Skírnir* 193 (vor): 47–67.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. 2020. Viðhorf ungra Íslendinga til íslensku á tímum stafræns málsambýlis við ensku. *Málfregni* 28: 7–14.
- Sigríður Sigurjónsdóttir, Iris Nowenstein, Thorbjörg Thorvaldsdóttir og Dagbjört Guðmundsdóttir. 2020. Contact without Contact: English Digital Language Input and Its Effects on L1 Icelandic. Í: *Proceedings of the 44th Boston University Conference on Language Development*, bls. 606–619. Megan M. Brown og Alexandra Kohut (ritstj.). Cascadilla Press, Somerville, MA. Sótt af <https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/1997>
- Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson. 2018. Stafrænt sambýli íslensku og ensku. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. *Sérrit 2018 – Menntavika 2018*. Sótt af: <https://ojs.hi.is/netla/article/view/3101>
- Steingerður Ólafsdóttir. 2017. Smábörnin með snjalltækin. Aðgangur barnanna og viðhorf foreldra. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*: *Sérrit 2017 – Menntavika 2017*. Sótt 15. desember 2020 af <https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/588>

Skýrsla starfshóps um bókmenningarstefnu. 2017. Sótt af

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=196c1035-18a1-11e8-9428-005056bc530c>

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. 2014. *Ef að er gáð: Afdrif aðalnámskrár í íslensku á unglíngastigi grunnskóla og í frambaldsskóla*. Doktorsritgerð, Háskóli Íslands. Sótt af

<http://hdl.handle.net/1946/21193>

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, Ragnheiður Margrét Guðmundsdóttir og Sigurlína

Davíðsdóttir. 2011. *Úttekt á íslenskukennslu í frambaldsskólum*. Mennta- og

menningarmálaráðuneyti. Sótt af <https://rafhladan.is/handle/10802/2540>

Tinna Frímann Jökulsdóttir. 2018. „I didn't understand that — please try again“:

Samskipti Íslendinga og stafrænna aðstoðarmanna. Óútgefin meistaraþrófsritgerð,

Háskóli Íslands. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/29997>

Dingsályktun um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi. Samþykkt á Alþingi 7. júní 2019.

Sótt af <https://www.althingi.is/altext/149/s/1750.html>

Dingsályktun um fjármálaáætlun fyrir árin 2020–2024. Samþykkt á Alþingi 20. júní 2019. Sótt

af <https://www.althingi.is/altext/149/s/1982.html>

Dingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016–2019. Samþykkt á

Alþingi 20. september 2016. Sótt af <https://www.althingi.is/altext/145/s/1692.html>

Dingsályktun um íslenska málstefnu. Samþykkt á Alþingi 12. mars 2009. Sótt af

<http://www.althingi.is/altext/136/s/0699.html>

Þjóðleikhúsið. 2020. „Fjögur ný íslensk leikrit frumsýnd í Þjóðleik á næsta ári“. 3. júní

2020. Sótt af: <https://leikhusid.is/frettir/fjogur-ny-islensk-leikrit-frumsynd-i-thjodleik-a-naesta-ari/>